



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Skýrsla um innleiðingu aðgerða gegn brothvarfi nemenda

Menntaskólans við Sund

skólaárið 2016-2017

Virðing – Jafnrétti – Ábyrgð - Heiðarleiki

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
1. Inngangur.....	4
2. Margþætt og heildstætt stuðningskerfi	4
2.1. Markmið og aðgerðir	7
2.2. Þriggja anna kerfi, kennslufyrirkomulag, skólasóknarreglur	9
2.3. Skólasókn	10
2.4. Miðannarmat.....	11
2.5. Rýnihópar nemenda	11
2.6. Umsjónarkennarar.....	11
2.7. Náms- og starfsráðgjöf	12
3. Skólabragur.....	14
3.1. Heilbriggt lífferni.....	15
3.2. Skólafélag Menntaskólans við Sund	16
3.3. Foreldraráð Menntaskólans við Sund.....	17
3.4. Efling seiglu á meðal nemenda.....	18
4. Vímuvarnir	19
5. Brotthvarf nemenda	20
6. Handbók um varnir gegn brotthvarfi nemenda	26
7. Uppgjör verkefnis.	34
8. Lokaorð	38
9. Heimildir	39
10. Fylgiskjöl	40

10.1. Kynning á námi við Menntaskólann við Sund	40
10.2. Kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda.	43
10.3. Skólasóknarreglur í nýrri námskrá og nýju kerfi.....	44
10.4. Samningur við nemendur um bætta mætingu.....	46
10.5. Um varnir gegn brotthvarfi. Haust 2016 Anna Sigurðardóttir	47
10.6. Námskeið um seiglu fyrir foreldra MS.....	51
10.7. Niðurstöður könnunar meðal nemenda	61

1. Inngangur

Eftirfarandi skýrsla er skrifuð af brotthvarfssérfræðingi sem ráðinn var til skólans þann 15. ágúst 2016 í 50% starf til 11 mánaða. Sérfræðingurinn, Anna Sigurðardóttir var ráðinn eftir að skólinn fékk styrk frá Menntamálastofnun í framhaldi af umsókn sem send var stofnuninni þann 31. janúar 2016. Markmið skólans var og er að grípa til aðgerða gegn brotthvarfi nemenda. Markmið þetta er í fullu samráði við það sem skrifað er í Hvítbók um umbætur í menntun, þar sem stefnt er að því að 60% nemenda ljúki framhaldsskóla á tilsettum tíma. Markmiði þessu skal náð með endurskipulagningu á námstíma og draga úr brotthvarfi (Mennta. og menningarmálaráðuneytið, 2014).

Megintilgangur verkefnisins snýr að því að kanna aðstæður innan skólans og innleiða nýjar aðferðir til varnar brotthvarfi og varpa ljósi á þær aðferðir sem þegar eru til staðar. Hluti skýrslunnar er handbók um aðferðir til varnar brotthvarfi og meðfylgjandi eru fylgiskjöl tengd efninu. Í lok skýrslunnar er síðan skýrt frá því hvernig ákvæði umsóknarinnar voru uppfyllt og hvernig fjármagn var nýtt.

2. Margþætt og heildstætt stuðningskerfi

Stuðningskerfi skóla er fjölþætt og erfitt að segja til um það hvað sérstaklega kemur í veg fyrir brotthvarf einstakra nemenda.

Árið 2012 var gerð ýtarleg rannsókn á hvaða ástæður valda brotthvafi nemenda í Bandaríkjunum. Að lokinni rannsókn var ástæðum brotthvarfs skipt niður í fjóra flokka sem hver um sig eða sambland þeirra geta verið grunnur að því að nemandi ákveður að hætta námi. Samandregið má lýsa flokkunum á eftirfarandi hátt:

1. Tengdir skóla, þar sem eitthvað í skólaumhverfinu veldur því að nemendinn hættir.
2. Tengdir nemendanum sjálfum, veikindi, neysla, hegðunarvandkvæði, lágt sjálfsmat eða sjálfsmynd, félagsleg staða og fleira.
3. Tengdir samfélaginu, þar sem skortur er á stuðningi samfélagsins til dæmis vegna fátæktar.
4. Tengdir fjölskyldunni, þar sem hvatning er af skornum skammti og almennt áhugaleysi um hag nemandans. Annars konar fjölskyldutengd vandamál eða ofbeldi.

(Capuzzi og Gross, 2014).

Ástæða er til að spyrja hvort að ætla megir að sömu ástæður liggja að baki brotthvarfi héraendis og fram kemur í ofangreindri rannsókn. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetur til að skimað skuli fyrir áhættuþáttum brotthvarfs í framhaldsskólum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Skimunarlisti ráðuneytisins er lagður fyrir nemendur í Menntaskólanum við Sund. Spurningarnar í listanum eru taldar gefa vísbendingar um gengi nemenda. Spurningarnar eru fyrst almenns eðlis en síðan tengdar skuldbindingum nemenda til náms, bæði náms- og félagslegum. Þar er einnig spurt um virkni í námi, trú á eigin getu, vissu um námsval, stuðning kennara og samsömun við skóla. Nemendur eru beðnir um að meta eigin skólahegðun og segja frá fyrri námsárangri og hvort þau telji sig

eiga við námserfiðleika að stríða. Þá eru nemendur beðnir um að meta stuðning og hvatningu foreldra, eftirfylgni þeirra og að síðustu er spurt um hvaða mat nemandi leggur á skuldbindingu vina þeirra til náms og skóla.

Við Menntaskólann við Sund er unnið eftir ákvæðum aðalnámskár, lögum og reglugerðum ásamt því að huga að nýjungum í kennsluháttum og þróunarstarfi eins og vera ber. Stuðningskerfið sem hér er lagt til miðar að því að skólastjórnendur og starfsfólk skólans haldi áfram að skoða, gagnrýna og þróa skólalagd með það að markmiði að ná sem bestum árangri.

Hér eftir verður lýst því sem vel er gert innan skólans ásamt tillögum að breyttum vinnubrögðum, líkt og getið er á um í umsókn um aðgerðir gegn brotthvarfi og er þar með komið að öllum þeim þáttum er nefndir eru í áðurnefndum skimunarlista.

Áhættuþættir brotthvarfs eru taldir þekktir og í Hvítbók um umbætur í menntun er skrifað að skimað skuli fyrir þeim innan framhaldsskóla og vinna markvisst innan skólanna til að draga úr brotthvarfi. Einnig skal skrá ástæður brotthvarfs innan skóla (Mennta- og menningamálaráuneytið, 2014). Skimunarlistinn var lagður fyrir í Menntaskólanum við Sund í október síðastliðnum. Kennslustjóri hefur umsjón með fyrirlögn spurningalistans en náms- og starfsráðgjafar eru til staðar ef nemendur þurfa á aðstoð að halda við að svara spurningum. Heildarfjöldi þeirra sem svöruðu könnuninni þetta haustið voru 165 og eru það nokkru færri en vænst hafði verið og er nú rætt hvort finna eigi betri aðferð við fyrirlögn listans í þeirri von að fleiri nemendur vilji svara svo mögulegt sé að bregðast við miðað við svör. Náms- og starfsráðgjafar hafa kynnt sér vel niðurstöður skimunarlistans og voru nemendur sem taldir geta haft gagn af samtali, þar sem viðtalsaðferðinni Persónuprófíll (Anna Sigurðardóttir, Björg J. Birgisdóttir 2014) er beitt, boðaðir í viðtal. Í þeirri von að niðurstöður sem fást úr skimunarlistanum nýtist sem best í þágu nemenda var Dr. Kristjana

Stella Blöndal, dósent á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands, sem rannsakað hefur brotthvarf úr framhaldsskólum hérlendis og ritað doktorsritgerð tengda efniinu (Kristjana Stella Blöndal 2014) fengin á fund í skólann og fyrirlið og úrvinnsla skimunarlistans rædd. Stella hefur hug á nánara samstarfi en hún kom ásamt Hrönn Baldursdóttir, náms- og starfsráðgjafi við Fjölbrautaskólann við Ármúla, sem starfar einnig að því að betrubæta listann.

2.1. Markmið og aðgerðir

Á ári hverju skólaári er sett fram stefna þar sem tilgreint hverju skuli stefnt að komandi skólaári og er stefnan m.a. unnin í samræmi við áherslur í skólasamningi MS og ráðuneytis hverju sinni. Stefnan hefur verið kölluð markmið og aðgerðir.

Starfsmannakönnun er lögð fyrir í lok hvers skólaárs þar sem starfsfólki gefst kostur á að hafa áhrif á aðgerðaráætlun næsta skólaárs. Skólaárið 2016-2017 var stefnt að því að:

1. Útfæra og innleiða nýja námskrá

Ljúka vinnu við almenna hluta námskrá. Ljúka vinnu við áfangalýsingar námskrár. Setja brauta- og áfangalýsingar í námskrárgrunninn. Þá var stefnt að því að stýrihópar starfi áfram. Einnig skal stefnt að því að ljúka vinnu við útfærslu á styttri námsbraut og setja fram starfsmannastefnu.

2. Útfæra og innleiða kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda

Áhersla á virkni og þátttöku nemenda í náminu – Einstaklings- para- og hópverkefni – Samvinnunám - Leiðsagnarnám – Samræður sem námsaðferð - Skapandi nám – Vendinám - Vettvangsferðir • Áhersla á að innleiða leiðsagnarmat/-nám og nýjar aðferðir í námsmati – Lykilatriði að nemandinn sé

meðvitaður um eigin stöðu – Mat sem ígrundandi ferli – Sjálfsmat – Jafningjamat – Endurgjöf – Samræður um námsmat • Áhersla á að skapa skilyrði til náms – Taka bæði tillit til innihalds námsins og starfshátta t.d. námsaðferða – Fjölbreytni, flétta saman innlögnum og skapandi verkefnavinnu – Huga að forhugmyndum og reynsluheimi nemenda – Huga að meðnámi t.d. lestur, gagnrýnin hugsun, félagsfærni, tjáning, hlustun • Hlusta á raddir nemenda – Mat nemenda á náminu - Nemendakynningar - Virkja hugmyndir nemenda

3. Móta skólabrag í nýju faglegu umhverfi

Nýtt umsjónarkerfi • Óleyfileg símnotkun í kennslustundum hafi áhrif á einkunnagjöf • Setja siðareglur um notkun snjallsíma • Halda áfram að bæta umgengni • Sérfræðingur ráðinn til að móta aðgerðaáætlun gegn brotthvarfi nemenda • Námskerfi Innu prufukeyrt • Vinna áfram að bættu upplýsingaflæði • Heilsuefandi MS með áherslu á hreyfingu • Ný heimasíða MS

4. Draga nýjustu strauma og stefnur að skólanum í gegnum erlent samstarf Skólinn sækir árlega um í Erasmus+ styrkjaáætlun Evrópusambandsins. Þetta skólaár hafa fengist 16 styrkir sem nýttir hafa verið á ýmsan máta og á næsta ári er fyrirhugað að nýta aðra 16. Möguleiki þessi er öllu skólastarfinu til góða og er talinn auka starfsánægju starfsmanna.

Starfendarannsóknarhópur er starfandi við skólann þar sem fjölmargir kennarar taka þátt og skoða eigin kennsluhætti með það fyrir augum að bæta kennsluna. Einnig er starfandi sambærilegur hópur á meðal starfsmanna á þjónustusviði skólans sem einnig miðar að bættum skólabrag og starfsháttum með aðferðum starfendarannsókna. Dr.

Hafþór Guðjónsson, dósent við menntavísindasvið HÍ hefur stýrt og verið ráðgefandi með starfendarannsóknarhópunum.

2.2. Þriggja anna kerfi, kennslufyrirkomulag, skólasóknarreglur

Haustið 2016 var þriggja anna kerfi tekið í notkun við skólann í stað bekkjarkerfisins sem hafði verið við lýði frá stofnun skólans. Samkvæmt nýrri skólanámskrá er Menntaskólinn við Sund ekki lengur bekkjarskóli, og nú er boðið upp á stúdentspróf sem ljúka má á þremur árum. Kenndar eru þrjár annir á hverju skólaári. Annirnar, haust-, vetrar- og vorönn standa yfir í 12 vikur hver, 50 kennsludaga og 10 matsdaga sem dreift er á hverja önn (fylgiskjal, 10.1). Með breyttu kennslufyrirkomulagi er lagt til að áhersla sé lögð á verkefnavinnu nemenda og leiðsagnarmat þar sem virkni nemenda í námi er 10% hluti af lokaeinkunn og 10% einkunnar er raunmæting nemanda. Konrektor skólans lýsti breyttum áherslum á kennsluháttum fyrir foreldrum nýnema í september síðastliðinn á fundi sem vel var sóttur. Kennslufræði þessi kallar á breyttar námsvenjur nemenda, betri mætingu, virkni og þátttöku ásamt því að efla seiglu og þrautseigju þar sem nemendur þora að gera mistök, samvinna eflist og vinnuálag jafnist (fylgiskjal, 10.2)

Lögð hefur verið áhersla á að húsnæði skólans henti kennslufyrirkomulaginu og eru svæði sem kölluð hafa verið gul svæði, því gólfdukurinn þar hefur þann lit, sérstaklega útbúin námssvæi þar sem nemendur eiga auðvelt með að vinna saman í hópum. Nemendur hafa einnig góða aðstöðu til hópavinnu á bókasafni og í matsal skólans.

Innan skólans hefur verið lögð áhersla á að skólastarfið sé í anda kenningar um að byggja upp námsgetu, „Building Learning Power“ (Guy Claxton, 2002) og hafa kennarar

verið hvattir til að kynna sér þá hugmyndafræði og í því sambandi hafa tveir hópar kennara og stjórnenda m.a. farið í kynnisferðir til London

Nemendur hafa nokkurt val um námshraða sinn og eru þeir sem eru í fullu námi ýmist í fjórum eða fimm greinum (5 –Fein hver) á önn og eru átta kennslustundir af níu á hverri viku bundnar í töflunema í íþróttum en þar eru 2 kennslustundir á viku. Nemendur hafa því val um að ljúka stútentssprófi á þremur árum eða lengri tíma allt eftir námsgetu þeirra og aðstæðum., Mun þessi breyting fjölga útskriftum frá skólanum. Gert er ráð fyrir að nemandi ljúki aldrei færri en 30 feiningum á skólaári. Við breytingu á námsfyrirkomulagi voru gerðar breytingar á ýmsum reglum skólans, þar á meðal skólasóknarreglum.

2.3. Skólasókn

Mætingastjóri starfar við skólann og er uppgjör á skólasókn þrisvar á hverri önn, fyrst eftir tíu kennsludaga, næst eftir fimm vikur og svo eftir tíu vikur. Skólasókn er síðan gerð upp í annarlok en kannað er einnig hvort einhverjir nemendur hafa farið undir 85% lágmarkið sem krafist er eftir 6 og 9 vikur af hverri önn (fylgiskjal, 10.3.). Skólasókn og virkni nemenda er metinn til einkunna í áfanganum og er sú einkunnagjöf kynnt kennurum á kennarafundi í upphafi skólaárs. Til að bregðast sem best við, með það að markmiði að hindra brotthvarf, er vinnureglan sú að kennslustjóri og mætingastjóri boða til sín nemendur, með forráðamönnum hafi nemandi ekki náð 18 ára aldri. Lögð er áhersla á að um hvatningarviðtal er að ræða og þess gætt að nemandi og foreldri séu upplýstir um mætingareglur. Í viðtalinu er leitað skýringa á fjarveru nemenda og nú hefur verið útbúið eyðublað sem er eins konar samningur við nemandann um bættu hegðun (fylgiskjal, 10.4.).

2.4. Miðannarmat

Um miðbik annar meta kennarar nemendur sína og eru niðurstöður sendar nemendum og einnig foreldrum/forráðamönnum sé nemandi ólöggráða. Niðurstöður kennara eru í formi umsagnar og mati kennara á námsstaðu nemenda sem metin er góð (G), viðunandi (V) eða óviðunandi (Ó). Nemendum er bent á að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa í þeirri von að þeir bæti árangur sinn ef miðannarmatið bendir til að þess þurfi. Náms- og starfsráðgjafar leggja áherslu á heildræna einstaklingsbundna nálgun hafi nemandi samband eftir miðannarmat og nýta þá meðal annars viðtalsformið Persónuprófíll (Anna Sigurðardóttir og Björg J. Birgisdóttir. 2014)

2.5. Rýnihópar nemenda

Með nýju námsfyrirkomulagi var ákveðið að koma á fundi milli stjórnenda og nemenda. Konrektor og sjálfsmatstjóri boða til funda með nemendum sem valdir hafa verið tenglar árganga sem skipt er eftir námslínunum t.d. félagsfræðibrautar hagfræðikjörsviðs. Áður voru bekkjarfulltrúar í hlutverki tengla. Á fundunum er lögð áhersla á að nemendur fái að tjá sig um líðan sína í skólanum, námsfyrirkomulag og annað sem bæta má innan skólans. Lögð er áhersla á að nemendu geri sér grein fyrir mikilvægi þess að velja áfanga í réttri röð miðað við þann námshraða sem þeir kjósa. Tenglar bera ábyrgð á að greina frá hvað upp kemur á fundum þessum.

2.6. Umsjónarkennarar

Með breyttu námsfyrirkomulagi er umsjónarkennarakerfi skólans breytt. Umsjónarkennar hitta nemendur á valdögum og aðstoða þá við val á námi. Hlutverk umsjónarkennara verður áfram til skoðunar. Umsjónarkennarakerfið er tengt námsbrautum og námslínum í nýju námsfyrirkomulagi en áður var umsjónarkennarakerfið tengt ákveðnum bekkjum.

Umsjónarkennarar vísa á náms- og starfsráðgjafa ef nemendur tjá sig um óvissu um námsval.

2.7. Náms- og starfsráðgjöf

Tveir ráðgjafar, félagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi eru í 190% stöðuhlutfalli við skólann og starfa sem náms- og starfsráðgjafar. Þeir koma að nemendamálum og starfa náði með stjórnendur skólans til heilla fyrir nemendur. Stjórnendur, rektor, konrektor, mætingastjóri og náms- og starfsráðgjafar halda fundi um nemendamál aðra hvora viku allt skólaárið. Náms- og starfsráðgjafar hvetja kennara til að hafa samband telji þeir einhverja nemendur hafa þörf fyrir þjónustu þeirra. Innan skólans er í því sambandi áhersla lögð á að kynna starfsemina fyrir öllum nýráðnum starfsmönnum.

Jafnframt því að sinna náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur innan skólans koma náms- og starfsráðgjafar að ýmsum öðrum málum svo sem náms- og skólakynningum, foreldrakynningum, heimsóknum til nemenda og mörgu fleira.

Nemendur eru upplýstir um starfsemina strax við komuna í skólann og eru hvattir til að leita eftir þjónustu ef þeir hafa þörf fyrir. Með breytingum á námsfyrirkomulagi féll niður kynning náms- og starfsráðgjafa sem hafði farið fram í gegn um ratleik og síðar með heimsókn inn í bekki en nú hefur verið séð til þess að náms- og starfsráðgjafar fara og kynna starfsemi sína og hópráðgjöf sérstaklega inni í áfanganum lýðræðisvitund og siðferði sem er áfangi sem nemendur taka á fyrsta skólaári. Áhersla sem lögð á að kynna þar fyrir

nemendum hópráðgjöf og er það liður í því að varna brotthvarfi frá námi. Í meistararitgerð Sigríðar Filippíu kemur fram að máli skiptir að hópráðgjöf sé kynnt sem aðgengileg öllum og að þjónusta náms- og starfsráðgjafa sé talin sjálfsgöð og eðlileg (Sigríður Filippía Erlendsdóttir, 2016).

Nemendur geta sótt einstaklingsviðtöl til náms- og starfsráðgjafa og þar hefur verið lögð áhersla á að hvetja nemendur til að ræða hvað sem er sem þeir telja að geti hindrað þá í námi. Þennan vetur hafa náms- og starfsráðgjafar sótt námskeið þar sem fjallað er um viðtalsaðferðina Persónuprófíll (Anna Sigurðardóttir og Björg J. Birgisdóttir, 2014). Í þessari viðtalsaðferð er áhersla á heildræna nálgun og því snert á öllum þeim þáttum er taldir eru geta haft áhrif á brotthvarf nemenda samkvæmt ofangreindu um skimunarlista.

Náms- og starfsráðgjafar hafa hvert haust og hvert vor boðið nemendum að koma á námskeið um námstækni og námskeið tengd kvíða. Einnig hefur verið boðið upp á námskeið um sjálfstyrkingu sem nefnt hefur verið, „Ég þori“ .

Til að koma til móts við nemendur sem greindir eru með lestrar- eða stærðfræðierfiðleika er boðið upp á áfanga sem fjallar um námsaðferðir. Námssefni áfangans er í stöðugri mótun því áhersla er lögð á að koma til móts við hvern og einn. Meðal annars eru kynntar aðferðir sem taldar eru geta elft námsgetu þessara nemenda.

Skólinn mun hafa það á stefnuskrá sinni að bjóða upp á hópráðgjöf og boðið verður upp á WATCH stuðningskerfið (Anna Sigurðardóttir, ofl; 2004). Náms- og starfsráðgjafar skólans hafa fengið leiðsögn um stuðningskerfið sem byggir á hópvinnu með 6 til 8 nemendum í senn. Lögð er áhersla á að einstaklingar styrkist með samtali við samnemendur undir stjórn sérfræðings ásamt því að bjóða einstaklingsviðtöl samhliða hópráðgjöfinni. Stuðningskerfið samanstendur af 15 stundum þar sem mismunandi viðfangsefni eru tekin fyrir. Lögð er áhersla á viðfangsefni sem eru talin skipta máli um árangur fólks í námi og starfi. Viðfangsefnin eru m.a. raunhæf markmiðssetning, sjálfspekking, líðan og skipulögð vinnubrögð. (Anna Sigurðardóttir, o.fl., 2004).

Náms- og starfsráðgjafar kynna möguleika á áframhaldandi námi fyrir útskriftarnemendum skólans og á þessu skólaári hefur samvinna brotthvarfssérfræðings og náms- og starfsráðgjaf meðal annars fjallað um hugmynd að því að koma á valáfanga þar sem hugað er að samskiptum og áframhaldandi námi þar sem unnið er eftir sömu hugmyndafræði og í hópráðgjöf. Náms- og starfsráðgjafar skólans munu áfram vinna að þessum hugmyndum.

Samkvæmt 6. grein laga um náms- og starfsráðgjafa ber þeim að þekkja skyldur sínar og viðhalda þekkingu sinni ásamt því að tileinka sér nýjungar (<http://www.althingi.is/altext/stjt/2009.035.html>). Náms- og starfsráðgjafar skólans hafa verið virkir í að uppfylla þessar skyldur og sækja fræðslu til fagfélags náms- og starfsráðgjafa en einnig að sækja fræðslufundi og ráðstefnur eins og alþjóðlega ráðstefnu í Madrid í nóvember 2016. Á þeirri ráðstefnu kom fram ýmislegt áhugavert sem rætt er áfram á vettvangi náms- og starfsráðgjafa bæði innan skólans og í framhaldsskóla samstarfshópnum sem starfar náið saman um samfélagsmiðla ásamt því að skiptast á um að kynna ýmis áhugaverð efni hverjir fyrir öðrum með skólaheimsóknum. Tekið var á móti þessum hópi í skólanum í mars síðastliðnum og var þar meðal annars kynnt hvað verið er að gera í brotthvarfsvörnum innan skólans. Náms- og starfsráðgjafar munu næsta haust sækja námskeið til Bretlands þar sem fjallað verður um nemendur með ADHD. Farið er styrkt af Erasmus+.

3. Skólabragur

Hefðir og venjur hafa skapast innan skólans frá stofnun hans, en með breyttu námsfyrirkomulagi má búast við að endurskoða þurfi ýmis atriði. Stjórnendur skólans hafa rætt sumt af því sem betur má fara og er það í vinnslu. Kennslustjóri hefur unnið náið með félagsmálafulltrúum skólans sem ráðnir eru til að vera í tengslum við skólafélag skólans. Innan skólans er áhersla lögð á heilbriggt lífverni. Fjallað hefur verið um vímuvarnir og var

foreldrum boðið á fræðslukvöld í skólann í því sambandi. Skólafélag MS og foreldraráð MS eru tveir póstar sem vissulega hafa áhrif á skólabrag innan skólans.

3.1. Heilbriggt líferni

Í skólanum er mötuneyti þar sem nemedur geta keypt heita máltíð og góð aðstaða er til að matast á sal skólans. Íþróttaaðstaða skólans er góð og kennarar af báðum kynjum eru við kennslu. Nemendum er boðið upp á fjölbreytt val hreyfingar. Mikið samstarf er á milli náms- og starfsráðgjafa og íþróttakennara ef eitthvað kemur upp á hjá einstaka nemenda hvað varðar íþróttir. Fundin er einstaklingsmiðuð lausn í öllum tilvikum. Rætt hefur verið um hvort bæta megi inn í íþróttir fleiri slökunartímum og er það í skoðun á meðal íþróttakennaranna.

Fjallað er bæði um geðrækt og lífstíl, þar sem það á við í nokkrum áföngum í skólanum og náms- og starfsráðgjafar leiðbeina nemendum hvar hjálp er að finna utan skólann ef þörf er á og í samráði við forráðamenn hafi nemandi ekki náð 18 ára aldri.

Náms- og starfsráðgjafar skólans ásamt brotthvarfssérfræðingi hafa m.a kynnt sér hvað gert er í brotthvarfsvörnum í Menntaskólanum við Hamrahlíð þar sem sálfræðingur var ráðinn tímabundið til starfa. Náms- og starfsráðgjafar skólans telja að það væri til mikilla bóta að geta vísað beint til einhverra sálfræðinga til að takast á við geðræn vandamál eins og kvíða eða þunglyndi. Vonast er til að það stefnumál ríkisstjórnarinnar að bjóða upp á sálfræðiaðstoð fyrir nemendur framhaldsskóla komist til framkvæmda.

Fjallað er um könnun á ástæðum brotthvarfs í Hvítbók um umbætur í menntun og þar er þess getið að skólum muni reynast örðugt að takast á við orsakir brotthvarfs nemenda sé litið til niðurstaðna þeirrar könnunar. Þar segir að nokkuð margir eða 18% hafi hætt vegna líkamlegra eða andlegra veikinda og að samstarf þufi að auka á milli velferðar-, heilbrigðis- og menntakerfis (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Náms- og starfsráðgjafar MS vísa nemendum til sérfræðinga ef þörf er á, en eru sammála því að auka þurfi og liðka til um aðgengi ungmenna að geðheilbrigðisþjónustu.

3.2. Skólafélag Menntaskólans við Sund

Skólafélag Menntaskólans við Sund hefur á undanförunum árum getið sér gott orð fyrir fjölbreytt og þróttmikið félagslíf á meðal nemenda. Stjórn félagsins, Miðhóp, skipa þrír nemendur. Fyrir utan miðhóp vinna kjörin ráð og nefndir, en þau sjá um skipulagningu viðburða í félagslífi nemenda skólans. Er ánægjulegt að geta þess að nær allir nemendur skólans eru skráðir í skólafélagið og greiða þangað félagsgjald.

Félagslíf Menntaskólans við Sund er frábrugðið því sem gengur og gerist í öðrum framhaldsskólum því allir nemendur geta stofnað svokölluð „svið“ tengd áhugamálum sínum. Þetta gerir félagslíf skólans fjölbreyttara og opnara hverjum sem að því vilja koma. Meðal fastra atburða í félagslífinu má nefna dansleiki, hæfileikakeppni, stórtónleika, jafnréttisviku, söngvarakeppni, uppsetningu á leikriti, þátttöku í Gettu betur, mælskukeppni Morfis, ýmsa íþróttaviðburði og fjöldan allan af smærri uppákomum og atburðum. Nemendur sem bera ábyrgð í félagslífi sækja áfanga sem nefnist leiðtogafærni.

Aðstaða til myndbandavinnslu er mjög góð í skólanum og er skólafélagið vel tækjum búíð. Lagt hefur verið til af brotthvarfssérfræðingi að kanna megi hvort sýna ætti myndbönd sem fjalla um forvarnir eða áhugavert fræðsluefni á þar til gerðum skjám í skólanum. Unnið verður áfram með þessa hugmynd á vegum nemenda í samráði við kennslustjóra.

Skólinn styður við félagslíf nemenda á ýmsan hátt og ræður tvo félagsmálafulltrúa úr röðum kennara til að sinna því verki. Aðstaða fyrir nemendur er í kjallara Þrístéins. Á heimasíðu nemendafélagsins er þess getið að vefsíða tengist nemendafélaginu sem nefnist belja.is. Síðan er ekki virk eins og er en nemendur nota einnig aðra miðla eins og Fésbókina til að miðla upplýsingum um félagslífið í skólanum

Með breyttu kennslufyrirkomulagi má gera ráð fyrir að nokkrar breytingar verði á starfsemi nemendafélagsins. Útskriftir nemenda frá skólanum verða að minnsta kosti tvisvar á hverju skólaári þegar hið eldra kerfi hefur runnið sitt skeið á enda og nýtt kerfi tekið alveg yfir. Almenn er gert ráð fyrir að megin þorri nemenda ljúki námi á þremur árum en stefnt er að hlutfall þeirra sem ljúka námi til stúdentsprófs á þremur árum verði alltaf yfir viðmiðum ráðuneytis. Þetta fyrsta ár með breyttu kennslufyrirkomulagi hefur vakið upp spurningar um hvernig auka má líkur til að sem flestir nemendur beri ábyrgð í félagslífinu og þroski þar með sér félagsanda og samskiptahæfni í þeirri von að ekki komi til þess að þeir hverfi frá námi. Í fundi með foreldraráði skólans kom fram að nauðsynlegt er að allar upplýsingar um félagslífið verði gegnsærri og heimasíðan belja.is verði virkjuð ný og að auka þyrfti möguleika fleiri nemenda til að taka að sér einhver ábyrgðarstörf innan nemendafélagsins. Upplýsingagjöf hefur verið rædd við nýja stjórn nemendafélagsins og komið hafa fram hugmyndir um að nemendafélagið kanni hvort búa megi til App í því sambandi. Nemendur innan skólafélagsins hyggjast vinna áfram að því að auka rafrænt aðgengi að upplýsingum um starfssemi félagsins.

Á fundi með miðhópi kom fram að auka mætti aðgerðir til að fá nemendur til að taka þátt í skipulagningu félagslífs og hugmynd um að nemendur myndu skrá sig á lista yfir „viljuga“ nemendur yrði til og þar mætti hafa samband við nemendur sem vildu bera ábyrgð innan félagslífsins. Hugmynd um að fjölga sviðum hefur verið komið áfram til næsta ármanns skólans. Hugmynd þessi er unnin með það í huga að draga úr brotthvarfi.

3.3. Foreldraráð Menntaskólans við Sund

Foreldraráð er við skólann og á fulltrúi foreldra áheyrnarsæti í skólanefnd skólans. Samskiptanet foreldra (foreldranet) er til staðar þar sem foreldrar geta skipst á ráðum og stutt hvert annað. Fundir eru í skólanum á hverri önn. Á aðalfundi foreldraráðs síðastliðið haust var fjallað um sjálfsmynd unglunga á neti og fjallað um ástæður brotthvarfs. Í

framhaldi af fundinum birtist grein um ástæður brotthvarfs á heimasíðu skólans. (fylgiskjal, 10.5.)

Foreldraráð stendur einnig fyrir sérstökum fræðslufundum fyrir foreldra þar sem fjallað er um afmarkaða þætti skólastarfsins og í ár var haldið sérstakt námskeið fyrir foreldra undir stjórn brotthvarfssérfræðings sem fjallaði um seiglu (fylgiskjal, 10.6.).

Foreldraráð heldur úti síðu á facebook þar sem auglýstir eru viðburðir fyrir foreldra og samræða getur farið fram. Fulltrúar foreldra skipuleggja foreldragæslu utan við hús þar sem böll á vegum skólans eru haldin. Með þessu er ætlunin að koma í veg fyrir að nemendur verði sér að voða á einhvern máta.

Æskilegt er að efla samstarf við foreldraráð skólans og virkja foreldra til að styðja börnin sín í námi. Sótt hefur verið um áframhaldandi styrk þar sem ætlunin er meðal annars að búa til handbók fyrir foreldra um hvernig þeir geta aðstoðað börn sín í námi. Upplýsingar til forráðamanna nemenda þurfa að augljósari og með nýrri heimasíðu eru væntingar um að úr því bætist.

3.4. Efling seiglu á meðal nemenda

Nemendur skólans taka áfanga á fyrsta námsári, Lýðræðisvitund og siðferði. Eins og áður segir koma náms- og starfsráðgjafar og kynna starfsemi sína í nemendahópnum og kynna hópráðgjöf. Sú nýbreytni hefur nú verið tekin upp, í samráði við brotthvarfssérfræðing að í áfanganum er sérstaklega tekið til umfjöllunar að vinna með seiglu (resilience) nemenda. Kennarar nýta meðal annars heimild af vefnum (<http://www.resilience-project.eu/>) þar sem finna má fjölmörg verkefni er ýta undir seiglu meðal nemenda.

Nemendum skólans var boðið að koma á hádegisfyrirlestur um seiglu nú á vormánuðum. Brotthvarfssérfræðingur bauð upp á fyrirlesturinn í 10 skipti en þátttaka nemenda hefði mátt vera betri.

Lagt hefur verið til við nemendafélagið að fundin verði leið til að ná betur til nemenda þannig að þeir hafi áhuga fyrir að sækja áhugaverða fyrirlestra.

4. Vímuvarnir

Hugað er að forvörnum innan skólans en þetta skólaár fékkst styrkur frá Lýðheilsusjóði til að vinna að forvörnum á meðal nýnema og gert er ráð fyrir að sérstakt átak standi yfir í þrjú ár. Verkefnið hófst með því að spurningakönnun var lögð fyrir nýnema þar sem nemendur vour spurðir um stöðu mála gagnvart hópþrýstingi, neyslu og viðhorfum til neyslu.

Spurningalistinn var saminn af Hildi B. Svavarsdóttur kennara og Leifi Inga Villmundarsyni kennslustjóra. Svarhlutfall við spurningalistanum var 54%. Sé litið á hluta af niðurstöðum (fylgiskjal, 10.7.) spurningalistans bendir til að frammistaði í námi valdi nemendum af báðum kynjum nokkrum áhyggjum, en ástæða er til að geta þess að nýnemarnir höfðu ekki lokið önn þegar spurningalistinn var lagður fyrir. Stúlkur svöruðu að þær upplifðu meiri hópþrýsting gagnvart neyslu áfengis en strákar en neysla áfengis var annað stærsta áhyggjuefni þeirra sem svöruðu. Nemendur höfðu áhyggjur af félagslegri pressu sérstaklega stúlkur sem einnig segjast upplifa steitu í lífi sínu sérstaklega tímaskorti til að sinna námi og öðrum þáttum í lífinu. Í þessari spurningakönnun kom fram að mikill meirihluti svarenda töldu að þeir myndu aldrei prófa önnur fíkniefni.

Í skólanum var boðið upp á sérstakt foreldravöld þar sem forvarnarstefna skólans var kynnt ásamt því að fulltrúar frá Hinu húsinu ræddu við foreldra. Guðrún Dóra Bjarnadórrir, geðlæknir ræddi einnig um fíkniefni og skaðsemi þeirra.

Mikilvægt er að fræðsla um forvarnir verði árlegur viðburður í skólanum. Forvarnarfulltrúi skólans er hluti af teymi forvarnarfulltrúa framhaldsskólanna og er vænst meiri samvinnu milli þeirra sem þar starfa.

5. Brotthvarf nemenda

Ár hvert hverfa of margir frá námi við skólann og í umræðum á milli stjórnenda og brotthvarfssérfræðings var rætt hvort ekki væri ástæða til að skoða vel hvað verður um þá einstaklinga. Hugmynd kom fram um að kanna hvað orðið hafði um nemendur, allt að fjögur ár aftur í tímann og fá leyfi persónuverndar til að nýta upplýsingakerfi Innu við að kanna hvort þeir hefðu lokið námi. Unnið var að tilkynningaskyldu rannsókna til persónuverndar og haft samband við umsjónarmenn Innu. Að þeirri skoðun lokinni var ákveðið að verkefnið væri of viðamikið og kostnaðarsamt til að það yrði framkvæmt af skólanum, einum.

Ákveðið var hringja í alla nemendur sem hættu námi við skólann, skólaárið 2016 - 2017 til að kanna hvað hefði orðið til þess að þeir ákváðu að hætta námi við MS. Frá upphafi skólaárs 2016-2017 hefur 51 nemandi hætt námi við Menntaskólann við Sund án þess að ljúka prófi. Nokkuð erfitt er að segja hvenær, nákvæmlega, nemendur hætta. Algengt er að nemendur láti ekki vita að þeir hyggjast ekki halda áfram námi við skólann en skrá sig ekki frá námi fyrr en haft er samband við þá. Af þessum 51 nemanda sem hættu námi eru 18 nemendur sem hafa hætt áður en töflubreytingum lauk að hausti. Telja má líklegt að hluti þeirra hafi hætt í lok skólaárs 2015 - 2016. Hringt var í nemendur sem skráð höfðu sig frá skólanum, fyrst í nóvember og síðar í apríl. Rætt var við 48 nemendur en upplýsingar fengust um að þrír nemendur hefðu flutt erlendis. Nemendur voru spurðir hvað þeir væru að gera núna og hvaða áform þeir hefðu um áframhaldandi nám. Einnig var spurt um

ástæður þess að ákvörðun var tekin um að hætta í MS og spurt hvort skólinn hefði getað gert eitthvað öðruvísi til að koma í veg fyrir að þau hættu í skólanum. Allir nemendurnir sem talað var við þökkðu fyrir samtalið og þótti til um að hringt var til þeirra. Á fundum um nemendamál þar sem náms- og starfsráðgjafar, rektor, kennslustjóri, mætingastjóri, og brotthvarfssérfræðingur sátu var rætt um hvort þessa aðferð þ.e. að hringja í nemendur sem hætta í skólanum skuli tekin upp til framtíðar. Áhugavert þykir að fá vitneskju um líðan og skólagöngu þeirra sem hætta. Viðtalsform (fylgiskjal, 10.8) fylgir skýrslu þessari en þar er lagt til að nemendur séu spurðir eftirfarandi spurninga eftir að sá sem hringir hefur kynnt sig.

1. Kynna þann sem hringir og ástæður þess að hringt er.
2. Spyrja hvort viðkomandi vilji svara nokkrum spurningum sem geta orðið til þess að skólastarf við MS batni.
3. Spyrja hvað viðkomandi er núna að gera. Ertu í vinnu eða skóla?
4. Spyrja hvers vegna viðkomandi ákvað að hætta í MS.
5. Spyrja hvenær viðkomandi sagði sig úr skólanum.
6. Spyrja um líðan og samskipti á meðan viðkomandi var í skólanum.
7. Spyrja hvort viðkomandi telji að skólinn ætti að gera eitthvað öðruvísi.

Mikilvægt er að sá sem hringir gefi sér tíma til að hlusta á viðmælendur sína með það að markmiði að bæta megi skólastarf í MS og draga þar með úr brotthvarfi nemenenda.

Fæðingarár og fjöldi nemenda sem hætta námi við skólann skólaárið 2016-2017:

Fæðingarár nemanda	1996	1997	1998	1999	2000
Fjöldi	1	8	10	22	10

Elsti nemandinn sem hætti í skólanum taldi að hann hefði átt að leggja sig meira fram í námi en þeir átta sem fæddir eru árið 1997 fóru flestir í aðra skóla eftir samráð við náms- og starfsráðgjafa skólans. Á töflunni má sjá að mestur fjöldi nemenda sem hættir námi við skólann eru fædd árið 1999. Þessir nemendur hófu nám í bekkjarskóla. Eftir eins árs veru í skólanum var námsfyrirkomulagi breytt. Í samtölum við þessa nemendur kom fram í tveimur tilvikum að nemendur voru ekki ánægðir með kennslufyrirkomulagið sem nú ríkir í skólanum en aðrir töldu ekki að það hefði haft úrslitaáhrif á hvers vegna þeir hættu námi. Yfirgnæfandi meirihluti nemenda sem skráðu sig úr námi frá skólanum fóru í aðra skóla og allir stefna á að fara í annan skóla til að ljúka námi síðar. Fjöldi nemenda sem eru með virkan námsferil í öðrum skóla eru:

Skóli	Fjöldi	Kvk	Kk
Borgarholtsskóli	8	5	3
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	7	4	3
Tækniskólinn	6	3	3
Menntaskólinn í Kópavogi	4	3	1
Menntaskólinn í Reykjavík	1	1	
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	2	2	
Menntaskólinn við Hamrahlíð	2	1	1
Menntaskólinn á Egilstöðum	1 (fjarnám)		1
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1	1	

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ/Menntaskólinn á Tröllaskaga	1 (fjarnám)	1	
Verslunarskóli Íslands	1	1	
Fjölbrautaskóli Suðurlands	1	1	
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	1	1	
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	2	2	
Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi	1	1	
Samtals	39	25	14

Ástæður þess að nemendur skipta um skóla voru margvíslegar. Ein skýring sem nemendur gefa á skólaskiptunum er að skólinn sem farið er í er nær heimili þeirra. Nokkrir töldu sig passa betur inn í félagslíf hinna skólanna auk þess sem þeir töldu sig þekkja fleiri í þeim skóla. Í tveimur tilvikum var ástæðan sögð að kærasti, eða kærasta, væru í skólanum sem sótt var í. Þeir nemendur sem völdu að fara í Tækniskólann gerðu það flestir af áhuga fyrir faginu sem þeir völdu sér og voru allir mjög ánægðir með skiptin.

Aðeins í einu tilviki var einstaklingur að flýja samskipti og taldi að um einelti hefði verið að ræða. Viðkomandi sem náð hefur 18 ára aldri fékk aðstoð frá náms- og starfsráðgjafa til að skipta um skóla þar sem líðan er nú góð að eigin sögn. Viðkomandi kærði sig ekki um að talað væri um eineltið við samnemendur í MS.

Tveir nemendur í eldra kerfi töldu að þeir ættu við kvíða að stríða og þeim leið ekki vel í bekknum. Þessir tveir skiptu um skóla vegna þessa.

Í einu tilviki fór nemandi í skiptinám og taldi sig hafa „þroskast frá skólanum“ með veru sinni erlendis og tók ákvörðun um að skipta yfir í fjarnám og stunda vinnu samhliða námi.

Í tveimur tilvikum skiptu nemendur um skóla því þeir höfðu ekki staðið sig í námi. Báðir sögðu að núna hefðu þeir viljað meira aðhald en töldu að þeir hefðu átt að mæta betur og sinna sínu námi.

Kannað var hvort nemendur sem flytja sig um skóla höfðu sett Menntaskólann við Sund sem fyrsta val þegar valið var um að fara í framhaldsskóla. 34 nemendur eða 67% höfðu sett MS í fyrsta sæti, 16% eða 8 einstaklingar settu Verslunarskóla Íslands í fyrsta sæti, 6 höfðu Kvennaskólann í fyrsta sæti eða 12%. Tveir nemendur 4% höfðu Menntaskólann við Hamrahlíð í fyrsta sæti og einn nemendi 1% hafði valið Menntaskólann í Kópavogi í fyrsta sæti og annan skóla en MS í annað sæti við val á framhaldsskóla. Einn nemandi sem hafði sótt um Verslunarskólann í fyrsta sæti og fór þangað um áramót.

Þeir nemendur sem ekki voru skráðir í skóla voru að vinna og helmingur þeirra stefnir á að fara í skóla næsta haust. Helmingur ætlaði seinna í skóla. Fjöldi þeirra sem sagðist „bara vera að vinna“ voru:

		Kvk	KK
Bara að vinna, ætla í skóla í haust	5	3	2
Eru að vinna og ætla að fresta námi	4	2	2
Samtals	9		

Einn af þeim nemendum sem er að vinna vildi fá að koma aftur í MS og ætlaði eftir símtalið að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa skólans. Tveir nemendur sögðu að þeir hefðu hætt vegna persónulegra erfiðleika tengdum fjölskyldunni en stefndu þeir báðir á nám næsta haust. Nemendur voru spurðir hvort skólinn hefði getað gert eitthvað betur og var svarið yfirleitt nei en þrír nemendur sögðu að þeir hefðu þurft meiri aga. Tveir sögðu að þeir hefðu átt að mæta betur og sinna náminu.

Aðrir nemendur sem hættu í námi við skólann fóru erlendis

		Kvk	kk
Flutti erlendis að leika knattspyrnu	1		1
Flutti erlendis og er þar í skóla	2	1	1
Santals	3		

Niðurstöður þessarar könnunar benda til að nokkuð rétt sé farið að innan skólans og að erfitt geti verið að sporna við að nemendur flytji sig á milli skóla vegna þess að þeir ákveði að þeir vilji umgangast aðra eða skipta um félagsskap. Flestir nemandanna sem fóru í aðra skóla völdu sig á sömu námslínu og þeir höfðu verið á í MS og er því ekki líklegt að undirliggjandi ástæða brotthvarfsins hafi verið rangt námsval.

Með breyttu námsfyrirkomulagi sem kemur betur á mótis við þarfir nemenda, eftirliti með mætingum, þjónustu náms- og starfsráðgjafa, aðstoð í námi og tilboði um hópráðgjöf verður að teljast líklegt að nemendur Menntaskólans við Sund efli með sér seiglu og nái markmiðum sínum í námi.

6. Handbók um varnir gegn brotthvarfi nemenda

Verk - atburður	Tími	Nánari lýsing	Ábyrgð
Ráðning í störf utan kennslu Aðgerðaáætlun Skólasamningur Starfsmannakönnun	Sumar	Forvarnarfulltrúi Félagsmálafulltrúar Umsjón með útskriftarhópi Markmið og aðgerðir (sett á heimasíðu, kynnt á kennarafundi).	Rektor
Haustönn			
Kennarafundur	Ág.	Lýsa stefnu skólans um námsfyrirkomulag og námsmat. (Building Learning Power) Fyrirkomulagið eykur lýkur á að nemendur nái árangri í námi. Glærusafn á almennu drifi skólans.	Konrektor
Fundur með nemendafélagi Videohópur	Ág.	Umræða um að sem flestir beri ábyrgð í félagsstarfi. Ábyrgð á einstaka viðburðum á ákveðum dögum t.d. dagur gegn einelti. Forvarnir á göngum skólans	Kennslustjóri Félagsmála fulltrúar
Námsaðferðir	Ág.	Áfangi fyrir nemendur með greiningu á lestrar- og/eða stærðfræðierfiðleikum	Náms- og starfsráðgjafar

			Konrektor
Móttaka nýrra starfsmanna	Ág.	Námsfyrirkomulag og seigla Kynning á starfsemi náms- og starfsráðgjafa	Konrektor Náms- og starfsráðgjafar
Íslenskukennsla fyrir tvítyngda Lýðræðisvitund og siðferði	Ág.	Nemendur sem eiga foreldra sem tala erlent tungumál. Námsefni um seiglu	Konrektor Kennslustjóri Kennarar áfangans
Mætingar Foreldra- nemendaviðtöl	Ág.	Mætingaruppgjör eftir 10 daga í kennslu. Bréf sent forráðamönnum og nemendum um mætingar undir 85%, reglur skólans og aðgerðir vegna slakrar mætingar. Hvatningarviðtöl. Ábyrgð nemenda. Eyðublað Rætt á fundi um nemendamál.	Kennslustjóri Mætingastjóri
Nýnemadagur	Sept.	Nýnemadagur	Skólafélag MS stjórnendur
Fundur um nemendamál	Sept.	Fundur um nemendamál þar sem fundin er lausn á séraðstæðum nemenda. Fundur sem þessi er haldinn hálfsmánaðarlega.	Rektor Konrektor Kennslustjóri Mætingastjóri Náms- og starfsráðgjafar
Fundur með foreldrum nýnema	Sept.	Kynna námsumhverfi. Innu, námsnet. Námsframboð. Mætingar nemenda og ábyrgð foreldra. Seigla. Náms- og starfsráðgjafar kynna	Stjórnendur Náms- og starfsráðgjafar

		starfsemi sína og segja frá hópráðgjöf og fjalla helstu ástæður brotthvarfs.	
Fundur með foreldraráði	Sept.	Umfjöllun um brotthvarf á aðalfundi foreldrafélags	Kennslustjóri
Mætingar Foreldra- nemendaviðtöl	Sept.	Mætingaruppgjör eftir 5 vikur í kennslu á haustönn Bréf sent forráðamönnum og nemendum um mætingar undir 85%, reglur skólans og aðgerðir vegna slakrar mætingar. Hvatningarviðtöl. Ábyrgð nemenda. Eyðublað Rætt á fundi um nemendamál.	Kennslustjóri Mætinga stjóri
Fundur um nemendamál	Okt.	Fundur um nemendamál þar sem fundin er lausn á séraðstæðum nemenda. Fundur sem þessi er haldinn hálfsmánaðarlega.	Rektor Konrektor Kennslustjóri Mætingastjóri Náms- og starfsráðgjafar
Miðannarmat	Okt.	Nemenda sem gengur illa í þremur greinum eða fleirum er boðið til viðtals við náms- og starfsráðgjafa sem aðstoðar hann við að finna leiðir til að bæta námsárangur.	Konrektor Kennarar Náms- og starfsráðgjafar
Mætingar Foreldra- nemendaviðtöl	Okt.	Mætingaruppgjör eftir 6 vikur í kennslu á haustönn Bréf sent forráðamönnum og nemendum um mætingar undir 85%, reglur skólans og aðgerðir vegna slakrar mætingar. Hvatningarviðtöl. Ábyrgð nemenda. Eyðublað Rætt á fundi um nemendamál.	Kennslustjóri Mætinga stjóri

Námstækninámskeið	Okt.	Námskeið í boði fyrir alla nemendur	Náms- og starfsráðgjafar
Námskeið tengd kvíða	Okt.	Námskeið í boði fyrir alla nemendur	Náms- og starfsráðgjafar
Ég þori - seigla	Okt.	Sjálfstyrkingarnámskeið þar sem m.a. er fjallað um seiglu. Í boði fyrir alla nemendur.	Náms- og starfsráðgjafar
Hópráðgjöf. Námskeið í boði fyrir nemendur fyrir áramót	Okt.	Watch stuðningskerfið. Auglýst fyrir alla nemendur en náms- og starfsráðgjafar kynna sérstaklega fyrir nemendum þegar þeir koma til að kynna starfsemi sína í áfanganum Lýðræði og siðferði. Námskeiðið stendur yfir í 6 - 8 vikur.	Náms- og starfsráðgjafar
Risk Detector	Okt.	Fyrirlögn spurningalista	Kennslustjóri Náms- og starfsráðgjafar
Úrvinnsla Risk Detector	Okt.	Þegar náms- og starfsráðgjafi hefur skoðað niðurstöður er tekin ákörðun um næsta skref. Nemendum er boðið að koma í viðtal. Viðtalsformið, Persónuþrófill.	Náms- og starfsráðgjafar
Fundur um nemendamál	Nóv.	Fundur um nemendamál þar sem fundin er lausn á séraðstæðum nemenda. Fundur sem þessi er haldinn hálfsmánaðarlega.	Rektor Konrektor Kennslustjóri Mætingastjóri Náms- og starfsráðgjafar
Brotthvarf	Nóv	Hringt til nemenda sem hætt hafa í skólanum. Viðtalsform	Kennslustjóri Náms- og

			starfsráðgjafar
8. nóvember. Dagur gegn einelti		Einelti er ekki liðið innan skólans.	Stjórnendur
Sérúrræði - námshraði	Nóv.	Nemendur undir 85% mætingu. Ákvörðun um hvort nemandi skal taka tvo eða þrjá áfanga á næstu önn ásamt íþróttum.	Rektor Kennslustjóri Náms- og starfsráðgjafar
Vetrarönn			
Móttaka nýrra starfsmanna	Nóv.	Námsfyrirkomulag og seigla Kynning á starfsemi náms- og starfsráðgjafa	Konrektor Náms- og starfsráðgjafar
Íslenskukennsla fyrir tvítýngda	Nóv.	Nemendur sem eiga foreldra sem tala erlent tungumál.	Konrektor Kennslustjóri Íslensku- kennarar
Lýðræðisvitund og siðferði	Nóv.	Námsefni um seiglu Kynna þjónustu og hópráðgjöf sérstaklega	Kennarar áfangans líðræðisv. og siðverði Náms- og starfsráðgjafar
Fundur um nemendamál	Des.	Fundur um nemendamál þar sem fundin er lausn á séraðstæðum nemenda. Fundur sem þessi er haldinn hálfsmánaðarlega.	Rektor Konrektor Kennslustjóri

			Mætingastjóri Náms- og starfsráðgjafar
Mætingar Foreldra- nemendaviðtöl	Des.	Mætingaruppgjör eftir 10 daga í kennslu. Bréf sent forráðamönnum og nemendum um mætingar undir 85%, reglur skólans og aðgerðir vegna slakrar mætingar. Hvatningarviðtöl. Ábyrgð nemenda. Eyðublað Rætt á fundi um nemendamál.	Kennslustjóri Mætinga stjóri
Fundur með foreldrum 1. árs nemenda.	Jan.	Val á námslínu og listgrein, Nemendur ákveða lengd náms til stúdentspróf og val á annarri sérhæfingu. Umjöllun um seiglu og úthald og hvernig foreldrar geta aðstoðað nemendur í framhaldsskóla.	Stjórnendur og náms- og starfsrágjafar Námskrárstjóri
Mætingar	Jan.	Mætingaruppgjör eftir 5 kennsluvikur. Nemendur undir 85% mætingu boðaðir sérstaklega á fund hjá kennslustjóra/mætingastjóra. Hvatningarviðtöl	Mætingastjóri Kennslustjóri
Fundur um nemendamál	Jan.	Fundur um nemendamál þar sem fundin er lausn á séraðstæðum nemenda. Fundur sem þessi er haldinn hálfsmánaðarlega.	Rektor Konrektor Kennslustjóri Mætingastjóri Náms- og starfsráðgjafar
Miðannarmat	Feb.	Nemenda sem gengur illa í þremur greinum eða fleirum er boðið til viðtals við náms- og	Konrektor

		starfsráðgjafa sem aðstoðar hann við að finna leiðir til að bæta námsárangur.	Náms- og starfsráðgjafar Kennarar
Mætingar	Feb.	Mætingaruppgjör eftir 6 kennsluvikur. Nemendur undir 85% mætingu boðaðir sérstaklega á fund hjá kennslustjóra/mætingastjóra. Hvatningarviðtöl. Rætt á fundi um nemendamál.	Mætingastjóri Kennslustjóri
Sérúrræði - námshraði	Feb.	Nemendur undir 85% mætingu. Ákvörðun um hvort nemandi skal taka tvo eða þrjá áfanga á næstu önn ásamt íþróttum.	Rektor Kennslustjóri Náms- og starfsráðgjafar
Vorönn			
Móttaka nýrra starfsmanna	Feb.	Námsfyrirkomulag og seigla Kynning á starfsemi náms-og starfsráðgjafa	Konrektor Náms- og starfsráðgjafar
Fundur um nemendamál	Feb.	Fundur um nemendamál þar sem fundin er lausn á séraðstæðum nemenda. Fundur sem þessi er haldinn hálfsmánaðarlega.	Rektor Konrektor Kennslustjóri Mætingastjóri Náms- og starfsráðgjafar
Mætingar	Mar.	Mætingaruppgjör eftir 10 daga af vorönn Bréf sent forráðamönnum og nemendum um mætingar undir 85%, reglur skólans og aðgerðir	Mætingastjóri

		vegna slakrar mætingar. Hvatningarviðtöl. Ábyrgð nemenda. Eyðublað Rætt á fundi um nemendamál	
Námskeið tengd kvíða	Mar.	Námskeið í boði fyrir alla nemendur	Náms- og starfsráðgjafar
Ég þori - seigla	Mar.	Sjálfstyrkingarnámskeið þar sem m.a. er fjallað um seiglu. Í boði fyrir alla nemendur.	Náms- og starfsráðgjafar
Hópráðgjöf. Námskeið í boði fyrir nemendur eftir áramót.	Mar.	Watch stuðningskerfið. Auglýst fyrir alla nemendur en náms- og starfsráðgjafar kynna sérstaklega fyrir nemendum þegar þeir koma til að kynna starfsemi sína í áfanganum Lýðræði og siðferði. Hópráðgjöf stendur yfir í 6 - 8 vikur.	Konrektor Náms- og starfsráðgjafar
Fundur um nemendamál	Mar.	Fundur um nemendamál þar sem fundin er lausn á séraðstæðum nemenda. Fundur sem þessi er haldinn hálfsmánaðarlega.	Rektor Konrektor Kennslustjóri Mætingastjóri Náms- og starfsráðgjafar
Mætingar	Mar.	Mætingaruppgjör eftir 5 kennsluvikur. Nemendur undir 85% mætingu boðaðir sérstaklega á fund hjá kennslustjóra/mætingastjóra. Hvatningarviðtöl. Rætt á fundi um nemendamál.	Kennslustjóri Mætingastjóri
Miðannarmat	Mar.	Nemenda sem gengur illa í þremur greinum eða fleirum er boðið til viðtals við náms- og starfsráðgjafa sem aðstoðar hann við að finna leiðir	Konrektor Náms- og starfsráðgjafar Kennarar

		til að bæta námsárangur. Rætt á fundi um nemendamál.	
Mætingar	Mar.	Mætingaruppgjör eftir 6 kennsluvikur. Bréf sent forráðamönnum og nemendum um mætingar undir 85%, reglur skólans og aðgerðir vegna slakrar mætingar. Hvatningarviðtöl. Ábyrgð nemenda. Eyðublað Rætt á fundi um nemendamál	Mætingastjóri
Brotthvarf	Ap.	Hringt til nemdenda sem hætt hafa í skólanum. Viðtalsform.	Kennslustjóri Náms- og starfsráðgjafar
Fundur um nemendamál	Ap.	Fundur um nemendamál þar sem fundin er lausn á séraðstæðum nemenda. Fundur sem þessi er haldinn hálfsmánaðarlega.	Rektor Konrektor Kennslustjóri Mætingastjóri Náms- og starfsráðgjafar
Sérúrræði - námshraði	Maí	Nemendur undir 85% mætingu. Ákvörðun um hvort nemandi skal taka tvo eða þrjá áfanga á næstu önn ásamt íþróttum.	Rektor Kennslustjóri Náms- og starfsráðgjafar

7. Uppgjör verkefnis.

Skipulagning og forysta verkefnisins var í höndum Önnu Sigurðardóttur sem ráðin var til starfa í ágúst 2016.

Ákvörðun var tekin um að mæta á alla kennara- og starfsmannafundi skólaársins og koma á fundi í starfendarannsóknarhópunum tveimur. Þessar fundasetur eru liður í því að skoða hvaða aðgerðir innan skólans má flokka sem brotthvarfsvarnir. Anna sat einnig alla vinnufundi um nýja námskrá um veturinn. Anna hefur einnig setið fundi þar sem fjallað er um innra mat skólans.

Aðra hvora viku eru haldnir fundir með stjórnendum, mætingastjóra og náms- og starfsráðgjöfum. Anna sat þessa fundi allt skólaárið. Fundirnir sem haldnir eru undir stjórn kennslustjóra taka á m.a. á málum einstakra nemenda, suma sem eiga við langvarandi veikindi að stríða eða eitthvert utanaðkomandi áfall. Nemendur hafa á þessum fundi talsmenn, náms- og starfsráðgjafa og því má segja að umræður þessara funda séu eitt helst tæki skólans til að varna brotthvarfi af völdum veikinda eða einhverra ófyrirséðra atburða.

Boðað hefur verið til funda sem taldir styrkja verkefni þetta, fundir með mætingastjóra og umsjónarmanni skólanámskrár. Fundir með rektor og fundir með konrektor. Umsjónarmaður skólanámskrár taldi að huga þyrfti sérstaklega að nemendum sem væru einungis í tveimur áföngum auk íþróttá. Brugðist hefur verið við þeirri athugasemd með því að leggja til að náms- og starfsráðgjafar hugi sérstaklega að þeim hópi og nýti þar viðtalsaðferðina Persónuprófíll. Fundað var með íþróttakennurum, nemendum, foreldrum, forvarnarfulltrúa, félagsmálafulltrúum og einstöku kennurum.

Snemma í september var sendur tölvupóstur til allra kennara skólans og þeim boðið að koma í viðtal ef þeir hefðu skoðanir á brotthvarfsmálum. Töluvert var um óformlega fundi í framhaldi af fundarboðinu og komu fram ýmsar ábendingar t.d. að nauðsyn væri að ráða sálfræðing til skólans, skólinn ætti að byrja seinna á morgnanna, nauðsynlegt væri að koma í veg fyrir að nemendur settu tóbak í vörina og fleira, en einnig komu kennarar til að hæla nemendum sem höfðu áorkað einkverju sem kennarar töldu dæmi um seiglu og jákvæða sjálfsmynd. Flestir sem komu höfðu jákvæða sýn á kynslóðina sem er að alast upp.

Boðað var til fundar með forvarnarfulltrúa skólans og farið á fund forvarnarfulltrúa framhaldsskólanna sem haldinn var í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Rætt var um styrk sem skólinn fékk til að efla forvarnir frá Lýðheilsusjóði og mætt á fund sem haldinn var fyrir

foreldra. Félagsmálakennarar skólans voru einnig boðaðir á fund og rætt um stöðu mála þessir fundir urðu fleiri stundum óformlegir og stundum með kennslustjóra.

Boðað var til funda með foreldraráði, sérstaklega, tvisvar sinnum og haldinn fyrirlestur á aðalfundi foreldraráðs í október. Á fundi sem boðaður var í janúar var sérstaklega rætt um mætingar nemenda og félagslíf þeirra. Fjórir boðaðir fundir voru haldnir með forstöðumönnum nemendafélagsins. Þá var rætt um hvernig mætti reyna að auka þátttöku nemenda í félagslífi og að auka þyrfti upplýsingaflæði frá nemendum og hvort ætti að endurvekja heimasíðuna belja.is.

Haldið var kvöldnámskeið fyrir foreldra í janúar um seiglu. Kennarar námskeiðsins voru Anna Sigurðardóttir og Björg J. Birgisdóttir.

Ýtarlega skoðun fór fram á svörum nemenda við skimunarlistanum í samvinnu við náms- og starfsráðgjafa skólans. Utanaðkomandi sérfræðingur Dr. Kristjana Stella Blöndal kom og ræddi notkun skimunarlistans og hugað er að frekara samstarfi.

Náms- og starfsráðgjafar fengu þjálfun í viðtalsaðferðinni Persónuprófíll og námskeið um hópráðgjöf þar sem fylgt er WATCH stuðningsaðferðinni. Byrjað var á dags námskeiði í báðum tilvikum, náms- og starfsráðgjöfunum afhent námsefni til eignar ásamt verkefnum sem fylgja hópráðgjöfinni. Fundarsetur og umræður um viðtalsaðferðina og hópráðgjöf fóru fram.

Farið var í heimsókn í Menntaskólann Í Kópavogi til að kynna því sem gert er í brotthvarfsvörnum innan skólans og vert að taka það fram að ákveðið hefur verið að ræða sérstaklega um ábyrgð foreldra á mætingum nemenda í framhaldi af heimsókninni. Einnig var skoðað sérstaklega hvað gert er í áfanga sem þar var hannaður og skoðað hvað gæti nýst ef ákeðið yrði að bjóða upp á áfanga þar sem samskipti, sjálfstyrking, seigla og áframhaldandandi nám væri til umfjöllunar. Þess má geta að einnig var skoðað innihald áfanga sem boðin er í Kvennaskólanum í Reykjavík af náms- og starfsráðgjöfum sem þar starfa. Einnig var rætt við náms- og starfsráðgjafa Menntaskólans við Hamrahlíð um aðgerðir þess skóla í brotthvarfsmálum.

Helstu ástæður brotthvarfs var sérstaklega kynnt fyrir foreldrum og öðrum sem áhuga hafa í grein á heimasíðu skólans.

Verkefnið var sérstaklega kynnt fyrir náms- og starfsráðgjöfum í framhaldsskólum sem komu í skólann í mars. Verkefnið ver einnig kynnt á starfsmannafundi í lok mars og var þar einnig fjallað um seiglu.

Handbók um aðgerðir gegn brotthvarfi fylgir skýrslu þessari og er það von að handbókin verði endurskoðuð og uppfærð eftir því sem við á.

Heildarupphæð sem sótt var um var 5.798.562. Styrkur nam 4.500.000.
Launakostnaður vegna verkefnisins er með álögðum gjöldum kr. 4.961.612.

Reykjavík, júní 2017.

Anna Sigurðardóttir

8. Lokaorð

Sótt var um styrk til aðgerða gegn brotthvarfi í Menntaskólanum við Sund. Styrkveiting nam 78% af umbeðinni fjárhæð sem sótt var um. Sérfræðingur í brotthvarfsvörnum hefur starfað við skólann í um eitt skólaár. Markmið verkefnisins er að draga úr brotthvarfi við skólann, bæta líðan nemenda og bjóða nemendum markvissan og góðan stuðning til að styrkja sig. Dagbók þar sem ákveðin verk innan skólans eru nefnd fylgir skýrslu þessari en þar eru fléttaðar saman aðferðir sem reynst hafa vel innan skólans og nýjar eins og viðtalsformið Persónuprófíll sem nýtt er í framhaldi af svörum nemenda við skimunarlista sem lagður er fyrir fyrsta árs nemendur og hópráðgjöf sem í boði er fyrir alla nemendur. Í hópráðgjöfinni er stuðst við hugmyndafræði út frá stuðningskerfinu WATCH.

9. Heimildir

- Anna Sigurðardóttir og Björg J. Birgisdóttir. (2014) *Persónuþrófill. Viðtalsaðferð fyrir ráðgjafa og aðra sérfræðinga þegar þeir ræða við einstaklinga sem leita eftir stuðningi*. Sótt þann 12. maí 2017 á <http://www.resilience-project.eu/>
- Anna Sigurðardóttir, Björg Birgisdóttir og Sigríður Hulda Jónsdóttir. (2009) *WATCH: What alternatives? Thinking - coping - hoping*. Reykjavík: Svansprent
- Capuzzi,D og Gross,D.R. (2014). *Youth at Risk, A Prevention Resource for Counselors, Teachers, and Parents*. (5th. ed.) Alexandria, American Counselling Association.
- Claxton, G. (2002). *Building Learning Power: Helping Young People Become Better Learners*. TLO
- Kristjana Stella Blöndal. (2014). *Student Disengagement and School Dropout: Parenting Practices as Context* (doktorsritgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Lög um náms- og starfsráðgjafa. nr. 35/2009 Sótt þann 12. maí 2017 á www.althingi.is/altext/stjt/2009.035.html
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Sigríður Filippía Erlendsdóttir. (2016). *Hópráðgjöf á framhaldsskólastigi, verndandi þáttur gegn brotthvarfi*. MA-ritgerð í náms- og starfsráðgjöf. Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.

10. Fylgiskjöl

10.1. Kynning á námi við Menntaskólann við Sund

Menntaskólinn við Sund

3 NÁMSÁR
ANNIR



Nú skólánámskrá

Menntaskólinn við Sund


NÝ NÁMSKRÁ

Virgni og ábyrgð
Áhersla á mætingu, samvinnu og skapandi nám, að þjálfva einbeitingu, seiglu og þora að gera mistök.

VIÐ BYGGJUM UPP LÆRÐISSAMFÉLAG ÞAR SEM VIRÐING, JAFNSETI, ÁBYRGÐ OG HEIÐARLEIÐ ERU HÖFÐ AD LEIÐARLÖR.

Ný skólánámskrá
Þriggja ára nám til stúdentsprófs

- Nám til stúdentsprófs í MS er 206 Feingarar
- Námið er skipulagt þannig að það veiti sem besta undirbúning undir frekara nám á háskólastigi
- Nemendur velja sér þrjú sérsvið til sérhæfingar og getur eitt þeirra verið óháð braut
- Áfangar eru skipulagðir í samræmi við hæfnikröfur
- Áhersla er á umhverfismál og skapandi námsgreinar
- Nemandi ræður sjálfur námshraða sínum



Ný skólánámskrá – uppbygging brauta

Nýjar námsbrautir eru byggðar þannig upp að nemandinn getur sjálfur ráðið nokkru um innihald námsins og hve hratt hann fer í gegnum það.

Tvær námsbrautir eru í boði og fjórar námslínur. Nemendur og forráðamenn fá fræðslu um námið og leiðbeinandi aðstoð þegar kemur að skvörðunum um námsval og námsframfarir.

Námið skiptist í almennan kjarna, brautakjarna, sérhæfingu á braut/námslínur, sérhæft val og frjálst val. Einnig er boðið upp á sérhæfingu/námslínu óháð því hvaða námsbraut er valin.

Áfangar	Áfangi	Þráttar	Stærð
1	2	3	4
5	6	7	8
9	10	11	12
13	14	15	16
17	18	19	20
21	22	23	24
25	26	27	28
29	30	31	32
33	34	35	36
37	38	39	40
41	42	43	44
45	46	47	48
49	50	51	52
53	54	55	56
57	58	59	60
61	62	63	64
65	66	67	68
69	70	71	72
73	74	75	76
77	78	79	80
81	82	83	84
85	86	87	88
89	90	91	92
93	94	95	96
97	98	99	100

Uppbygging námsbrauta – Félagsfræðibraut

Áfangar	Áfangi	Þráttar	Stærð
1	2	3	4
5	6	7	8
9	10	11	12
13	14	15	16
17	18	19	20
21	22	23	24
25	26	27	28
29	30	31	32
33	34	35	36
37	38	39	40
41	42	43	44
45	46	47	48
49	50	51	52
53	54	55	56
57	58	59	60
61	62	63	64
65	66	67	68
69	70	71	72
73	74	75	76
77	78	79	80
81	82	83	84
85	86	87	88
89	90	91	92
93	94	95	96
97	98	99	100

Félagsfræðibraut: Greinarmunur á námslínur

- Félagsfræði- og söguliná (FS – lína)**
- 4 viðbótarafangar í félagsfræði (A11s 6 áfangar)
 - 3 viðbótarafangar í sögu (A11s 5 áfangar)
- Hagfræði- og stærðfræðilína (HS – lína)**
- 4 viðbótarafangar í hagfræði (A11s 5 áfangar)
 - 3 viðbótarafangar í stærðfræði (A11s 6 áfangar)
- 12-13 áfangar + 3 þrótaafangar = 60 Fein + 3 Fein
- 13-14 áfangar + 3 þrótaafangar = 70 Fein + 3 Fein
- 14 áfangar = 70 Fein

Uppbygging námsbrauta – Náttúrufræðibraut

Áfangar	Áfangi	Þráttar	Stærð
1	2	3	4
5	6	7	8
9	10	11	12
13	14	15	16
17	18	19	20
21	22	23	24
25	26	27	28
29	30	31	32
33	34	35	36
37	38	39	40
41	42	43	44
45	46	47	48
49	50	51	52
53	54	55	56
57	58	59	60
61	62	63	64
65	66	67	68
69	70	71	72
73	74	75	76
77	78	79	80
81	82	83	84
85	86	87	88
89	90	91	92
93	94	95	96
97	98	99	100

Náttúrufræðibraut: Greinarmunur á námslínur

- Líffræði- og efnafræðilína (LE – lína)**
- 4 viðbótarafangar í líffræði (A11s 5 áfangar)
 - 3 viðbótarafangar í efnafræði (A11s 4 áfangar)
- Eðlisfræði- og stærðfræðilína (ES – lína)**
- 4 viðbótarafangar í eðlisfræði (A11s 5 áfangar)
 - 3 viðbótarafangar í stærðfræði (A11s 8 áfangar)
- 12-13 áfangar + 3 þrótaafangar = 65 Fein + 3 Fein
- 13-14 áfangar + 3 þrótaafangar = 65 Fein + 3 Fein
- 14 áfangar = 70 Fein

Ný námskrá – sérhæfing og sérstæða skólans



Breyttar kröfur – meiri sveigjanleiki í náminu

Lágmarkskrifa í hverri grein er 5. Nemandinn skipuleggur sjálfur á hve löngum tíma hann hyggst ljúka náminu. Í öllum tilvikum er námið skipulagi þannig að það veiti sem bestan undirbúning fyrir nám á háskólastigi. Nemandi getur valið sérhæfingu þvert á námsbrautir



Umhverfismál

Skólinn leggur sérstaka áherslu á umhverfismál, bæði með uppbyggingu námsins og tengingu þess við daglegt líf. Allir nemendur skólans taka áfanga í umhverfisfræði



Skapandi greinar

Ný og glæsileg aðstaða fyrir kennslu í listgreinum og öðrum skapandi námsgreinum – allir nemendur taka a.m.k. eina listgrein



Afreksfólk

Við tökum tillit til afreksfólks, á sviði íþróttar og listgreina. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum getur afreksfólk fengið íþróttaiðkun sína metna sem sjálfstæðan 5 fein áfanga



Menntaskólinn við Sund



STYTTRI SKÓLADAGUR

Breyttar áherslur í námi og kennslu

Virkni og þátttaka nemenda


- Áhersla á verkefnabundið nám
- Einstaklings- para- og hópverkefni
- Samvinnunám
- Samræður sem námsaðferð
- Skapandi nám
- Vendinám
- Vettvangsferðir
- Leidsagnarnám



Breyting hjá skóla – breyting hjá nemendum

Hvað kallar áhersla í kennslufræði á hjá nemendum?

- Breyttar námsvenjur
- Mjög góða mætingu
- Meiri virkni og þátttöku
- Vinna jafnt og þétt alla önnina
- Þjálfun einbeitingar
- Seiglu og þrautseigju
- Þora að gera mistök
- Samvinna



Nýtt þriggja anna kerfi

Markmið: Að búa til sveigjanleika fyrir nemendur sem bekkjarkerfið réð ekki við

- Skólaárinu er skipt í þrjár jafnlangar annir (haustönn, vetrarönn og vorönn)
- Skipting í kennslu og prófatíma er hætt en sérstökum matsdögum er dreift yfir önnina skv. ákveðinni hugmyndafræði
- Fjöldi vikudaga innan annar er jafnaður

Máttáttir/Menntamáttir við Sund 2016-2017

Skólaárið 2016-2017 - þriggja anna kerfi



Ný stökkatafla fyrir nýtt kerfi

Markmið: Að aðlaga töflu nemenda að auknu álagi og meiri vinnu utan kennslustunda

ÁFLÉÐINGIN ER SÚ AÐ BUIÐNUM TÍMUM NEMENDA Í TÖFLU LÉKKAR OG MEIRA RYMI ER FYRIR VIRNU UTAN SKIPULAGDRA KENNSLUSTUNDA

- Árinu skipt í 3 annir með 12 vikum í hverri önn.
- 10 kennsluvikur + 2 námsmatsvikur
- Kennsluvikan er með 8 tímum í hverri grein (nema íþróttum).
- Í töflunni eru 5 stökkar með 8 tímum hver stökkur.
- Skólinn býr ekki til prófatöflu með fornlægum prófatíma.

Menntaskólinn við Sund

HAUST 2017



UMSÓKNIR



Inntöku- og inntökuskilyrði

OG ÚRVINNSLA ÞEIRRA

Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrðið á námsbrautir til stúdentsprófs er að lágmarki B í íslensku, ensku og stærðfræði

Þeir nemendur sem uppfylla inntökuskilyrðið í kjarnagreinum ganga fyrir með skólavist.

B

Við úrvinnslu umsókna í skólanum, áður en þær eru sendar til miðlægrar keyrslu, eru einkunnir í samfélagsfræði, dönsku og náttúrufræði einnig bornar saman eftir sérstöku kerfi.

Ef nemandi fær skólavist en uppfyllir ekki að fullu inntökuskilyrðin í kjarnagreinum gæti hann þurft að hefja nám í þeirri grein á fyrsta hæfnistigi.

Einkunnir sem eru bornar saman við úrvinnslu umsókna	
Lykilgreinar	Íslenska
	Enska
	Stærðfræði
	<ul style="list-style-type: none"> Samfélagsfræði Danska Náttúrufræði

Um vinnu nemenda, forgangsröðun og málmæðing fer eftir reglugerð um vinnu í framhaldsskóla nr. 1150/2008 með söðni breytingum

Inntaka nemenda - úrvinnsla umsókna

Ef velja þarf úr miklum fjölda umsækjenda innan einstakra hópa er byggt á eftirfarandi eftir málefnalegum forsendum því sem aðstæður gefa tilefni til:

- Námsárangri og ástundun í fyrri skóla/skólum
- Sérstökum einstaklingsbundnum aðstæðum
- Möguleikum umsækjanda á samskonar námi nær heimili sínu
- Fjölda umsókna á einstakar brautir

EinKUN			
nir			
skipTA			
mÁli			

Við val á milli umsækjenda sem nýlökkið hafa grunnskólánámi vegur námsárangur þýngst

Um vinnu nemenda, forgangsröðun og málmæðing fer eftir reglugerð um vinnu í framhaldsskóla nr. 1150/2008 með söðni breytingum

Úrvinnsla umsókna - flokkun eftir námsárangri

Við samanburð á einkunnum við úrvinnslu umsókna mun Menntaskólinn við Sund ganga út frá eftirfarandi forgangi hvað varðar einkunnir í íslensku, ensku og stærðfræði:

A	A	A	12
A	A	B+	11,75
A	B+	B+	11,50
B+	B+	B+	11,25
A	A	B	11
A	B+	B	10,75
B+	B+	B	10,50
A	B	B	10
B+	B	B	9,75
B	B	B	9

Ef það þarf að greina á milli nemenda innan einhvers af þessum flokkum ganga þeir fyrir sem hafa hæsta einkunn að meðaltali í eftirfarandi greinum; samfélagsfræði, dönsku og náttúrufræði. Nemendur sem ekki ná B í stæ, ísl eða ensku fá hlaupandi númer eftir meðaltali í öllum sex námsgreinunum; ísl, ens, stæ, dan, sam, nát.

(A=4, B+=3,75, B=3, C+=2,75, C=2, D=2)

Umsækjandi uppfyllir ekki lágmarkskröfur (B) í lykilgreinum:
„Inntaka verður aðeins ef rými leyfir og sérstakar upplýsingar liggja fyrir sem renni stöðum undir það að viðkomandi mun standa kröfur um námsárangur og það liggja fyrir að skólinn geti búið við viðkomandi nám við hæfi.“

Um vinnu nemenda, forgangsröðun og málmæðing fer eftir reglugerð um vinnu í framhaldsskóla nr. 1150/2008 með söðni breytingum

10.2. Kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda.

**Stefna Menntaskólans við Sund**

Kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda

Foreldrafundur 6. 9. 2016

Virðing - Jafnrétti – Ábyrgð - Heiðarleiki

**Félagsfræðikennarar og nemendur MS á Fundi fólksins 2. 9. 2016**



**Virkni og þátttaka nemenda í náminu**

- Áhersla á verkefnabundið nám
- Einstaklings- para- og hópverkefni
- Samvinnunám
- Samræður sem námsaðferð
- Skapandi nám
- Vending nám
- Vettvangsferðir
- Leiðsagnanám

**Fjölbreytt Verkefnavinna og kynningar nemenda**



10.3. Skólasóknarreglur í nýrri námskrá og nýju kerfi

1. Nemendur eiga að sækja allar kennslustundir og mæta stundvíslega.

Fjarvist úr einni kennslustund jafngildir einu fjarvistastigi. Uppgjör skólasóknar fer fram 2-3 á önn.

Nemendur byrja með 100% mætingu í upphafi hverrar annar. Mæting undir 85% telst agabrot.

Agabrot getur haft áhrif á framhald náms.

Það sem agabrotið hefur í för með sér:

Nemandi sem er undir 85% í lok annar telst hafa brotið skólareglur. Nemandinn fær aðeins að taka hluta náms, tvo áfanga,

á 2. önn og þar með sveigjanleika og tækifæri til að bæta mætingu sína. Mæti nemandi yfir 85% á 2. önn fær hann að

taka fullt nám á 3. önn. Mæti hann undir 85% á önninni verður hann áfram í tveimur áföngum á önn.

2. Mætingarhlutfall að teknu tilliti til vottorða og leyfa er birt á prófskírteinum nemenda.

3. Raunmæting verður reiknuð inn í náms- og vinnueinkunn nemenda í öllum námsgreinum. Raunmæting tekur ekki tillit til vottorða og leyfa, nema um sé að ræða leyfi vegna námsferða sem skólinn skipuleggur.

Raunmæting gildir að lágmarki 10 prósentustig í hverri grein.

Skráning viðveru eða fjarvista og skilgreiningar

Mæting verður skráð fyrir hverja 40 mínútna kennslustund.


Mætingarhlutfall nemenda verður birt á einkunnablöðum sem heildarmæting í skólann á önninni.

Skráning mætingar í Innu er eftirfarandi:

- M: Nemandi mættur þegar manntal er tekið
- O: Nemandi sinnir námi/ skólastarfi utan kennslustofu

- F: Fjarvist, nemandi er ekki mættur þegar manntal er tekið
 - X: Tími er ekki haldinn
 - U: Annað, nemandi er fjarverandi vegna sérstakra aðstæðna í samráði við skólann
- Í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla geta nemendur sótt sérstaklega um undanþágu frá skólasóknarreglum:
- Vegna langvarandi veikinda. Skólinn býður upp á sérstök úrræði fyrir langveika nemendur, liggi fyrir formleg vottun frá viðkomandi sérfræðingi.
 - Afreksfólk getur sótt um sérstakt tímabundið frávik frá mætingarreglum. Vottun frá viðkomandi fagaðila þarf að liggja fyrir í samræmi við grein 16.2 í Aðalnámskrá framhaldsskóla.
- Umbun fyrir afburða mætingu
- Nemendur sem mæta frábærlega vel í skólann fá sérstaka umbun
- Mæting er frábær ef hún fer ekki undir 98% ári og viðkomandi nemendur hafa hvorki fengið frádregnar (á skólaárinu) fleiri en 10 kennslustundir vegna veikinda né fleiri en 5 kennslustundir í leyfi. Nemendur sem uppfylla þessi skilyrði fá sérstaka viðurkenningu frá skólanum og endurgreiðslu á innritunargjaldi.

10.4.



Menntaskólinn við Sund

Gnoðarvogi 43, 104 Reykjavík. Sími: 5807300, fax: 5807301. Netfang: msund@msund.is

Aðgerðir til að bæta mætingu

Vetrarönn 2016-2017

NAFN:			
KENNITALA		Braut:	

Aðgerðir til að bæta mætingu

Dagsetning _____

Undirskrift forráðamanns

Undirskrift nemanda

Nemendur sem orðnir eru lögráða þurfa ekki undirskrift foreldra/ forráðamanns

10.5. Um varnir gegn brotthvarfi. Haust 2016 Anna Sigurðardóttir

Varnir gegn brotthvarfi. Hvers ábyrgð? Skólaárið 2016–2017 styrkir Menntamálastofnun Menntaskólann við Sund til að efla og innleiða aðferðir sem draga úr brotthvarfi nemenda frá námi. Markmiðið er að draga úr brotthvarfi með því að leitast við að bæta líðan nemenda, efla með þeim seiglu og bjóða markvissan, góðan stuðning til að sem flestir og helst allir ljúki námi úr framhaldsskóla. Einkunnarorð Menntaskólans við Sund eru virðing, jafnrétti, ábyrgð og heiðarleiki. Með það að leiðarljósi er ætlunin að uppfylla hlutverk framhaldsskóla sem tilgreint er í Aðalnámskrá framhaldsskóla: „Framhaldsskólum ber að búa nemendur sína undir líf, starf og frekara nám. Skólarnir gegna því veigamiklu hlutverki hvað varðar almenna menntun og félagslegt uppeldi nemenda auk þess sem þeir skulu vera vettvangur fyrir kynningu þjóðlegra og alþjóðlegra menningarverðmæta.“ Menntaskólinn við Sund byggir á áratuga reynslu af að undirbúa nemendur undir lífið að loknu stúdentsprófi. Skólinn hefur nú innleitt breytta kennsluhætti þar sem ábyrgð nemenda er aukin, lögð áhersla á aukna verkefnavinnu og virkni nemenda. Tekið hefur verið upp þriggja anna kerfi sem auðveldar nemendum að ná því markmiði að ljúka stúdentsprófi á þremur árum. Að loknu námi frá skólanum eiga nemendur möguleika á fjölbreyttu námi á háskólastigi bæði héraðs sem og erlendis. Stúdentspróf er fengur hverjum þeim sem það hefur og verður það ekki af neinum tekið. Hverjar eru helstu ástæður brotthvarfs? Haustið 2014 var gerð athugun hjá Menntamálastofnun á brotthvarfi nemenda frá framhaldsskólum landsins. Í niðurstöðum eru tilgreindar þær ástæður brotthvarfs sem nemendur tilgreina. 2 Ástæða er til að geta þess að það að nemandi skipti um skóla eða hefji annað nám er ekki talið til brotthvarfs. Athuganir af þessu tagi eru mikilvægar til að starfsfólk skóla geti spornað við eða innleitt aðgerðir sem hindra brotthvarf. Aðgerðir til varnar brotthvarfi eru þó ekki einvörðungu á valdi skóla heldur hafa bæði fjölskylda og vinir umtalsverð áhrif á ákvarðanatöku þeirra sem ákveða að hætta námi. Ástæðum brotthvarfs hefur verið lýst þannig að talað er um þætti sem annað tveggja toga eða ýta (pull or push) nemenda frá skóla. Það sem sagt er toga í nemendur til að hætta námi eru þættir utan skólans sem höfða meira til nemenda en námið innan hans. Ástand á atvinnumarkaði hefur þar mikil áhrif. Önnur ástæða sem talin er toga nemendur úr skóla eru persónulegar ástæður sem ekki tengjast skólanum eða námi á nokkurn máta en hafa áhrif á ákvarðanatöku um að hætta námi. Þungun er ein ástæða sem nefnd er, af stúlkum, í þessu sambandi, en einnig aðrir fjölskyldutengdir erfiðleikar, hjá báðum

kynjum, sem nemendur þurfa að ráða fram úr. Þættir sem taldir eru ýta nemendum úr skóla eru oftast tengdir reglum sem settar eru af skólanum en nemandinn treystir sér ekki til að fara eftir eða uppfylla. Þá finnast einnig nemendur sem finnst námið ekki höfða til sín og vera óáhugavert. (Dekkers og Classen, 2001). Rannsóknir sýna að ákvörðun um að hætta námi er yfirleitt ekki skjóttekin ákvörðun og er í raun það flókin að oft getur reynst erfitt að komast að kjarna þess hvað veldur. (Magnús Þorkelsson, 2015). Í áðurnefndri athugun Menntamálastofnunar fengust svör frá 790 nemendum haustið 2014 en 117 af þeim fóru í annan skóla og því ekki flokkaðir sem brotthvarfnemendur. Af 673 nemendum sem hættu í skóla svöruðu 19,4% því að þeir fóru að vinna. 10,5 % sögðu námið tilgangslaust og höfðu þeir ekki áhuga fyrir að halda því áfram. Nemendum sem vísað var úr skóla oftast vegna mætingarleysis voru 11,7%. Aðrir þættir voru einnig nefndir sem ástæður brotthvarfs svo sem veikindi, bæði andleg 14,4% og líkamleg 9%. 3 Auknar líkur eru á að nemendur sem ekki ljúka námi fyrir 20 ára aldur, hætti. 16.7% nemenda gáfu ekki skýringu á hvers vegna þeir hættu í skólanum. Árið 2012 var gerð ýtarleg rannsókn á hvaða ástæður valda brotthvafi í Bandaríkjunum. Að lokinni rannsókn var ástæðum brotthvarfs skipt niður í fjóra flokka sem hver um sig eða sambland þeirra geta verið grunnur að því að nemandi ákveður að hætta námi. Samandregið má lýsa flokkunum á eftirfarandi hátt: 1. Tengdir skóla, þar sem eitthvað í skólaumhverfinu veldur því að nemendinn hættir. 2. Tengdir nemendanum sjálfum, veikindi, neysla, hegðunarvandkvæði, lágt sjálfsmat eða sjálfsmynd, félagslega staða og fleira. 3. Tengdir samfélaginu, þar sem skortur er á stuðningi samfélagsins til dæmis vegna fátæktar. 4. Tengdir fjölskyldunni, þar sem hvatning er af skornum skammti og almennt áhugaleysi um hag nemandans. Annars konar fjölskyldutengd vandamál eða ofbeldi. (Capuzzi og Gross, 2014). Ástæða er til að benda á að ekki er rætt um áhrif samfélagsmiðla á ákvarðanatöku nemenda hér að ofan. Getur skólinn, einn, haft áhrif á ákvarðanatöku nemenda? Brotthvarf frá námi er ekki og verður ekki bætt einvörðungu með aðgerðum innan skólans, eins og rannsóknir sýna. Starfsfólk skóla hefur sjaldnast vald á ytri aðstæðum nemenda. 4 Á þessu skólaári er ætlunin að greina og innleiða aðgerðir til að efla seiglu með nemendum Menntaskólans við Sund á margvíslegan máta. Nokkrir þættir eru taldir efla seiglu með einstaklingum eins og sterk sjálfsmynd og að kenna nemendum að óttast ekki mistök heldur sjá mistök sem tækifæri til að læra og gera betur. Heilbrigður lífstíll og að sækjast eftir félagskap annarra og að gera eitthvað skemmtileg er einn þáttur sem talinn er efla seiglu einstakling. Ljóst er að framansögðu að skólinn einn kemur ekki í

veg fyrir brotthvarf nemenda frá námi. Á þessu skólaári hafa verið teknir upp breyttir kennsluhættir þar sem nemandinn ber meiri ábyrgð á námi sínu. Meira er um verkefna- og hópvinnu og eru nemendur hvattir til að temja sér sjálfstæð vinnubrögð þar sem áhersla er lögð á samfellt nám. Mætingarreglur skólans eru skýrar og aðgerðir við mætingarleysi hafa verið mótaðar. Náms- og starfsráðgjafar skólans starfa bæði að forvörnum með því að bjóða nemendum að pantast sér viðtal þar sem talað er í trúnaði um allt það sem getur haft áhrif á námsframvindu þeirra og býður fram aðstoða við að finna lausn sem nemandi er sáttur við. Náms- og starfsráðgjafar bjóða einnig upp á námskeið í kvíðastjórnun og námstækni og eru einnig kallaðir til ef upp koma erfið mál hjá nemendum. Þar starfa þeir í samráði við stjórnendur skólans með það að markmiði að sem flestir útskrifist frá skólanum með stúdentspróf. Öflugt félagslíf er við skólann þar sem markmiðið er að allir nemendur taki þátt. Ætlunin er að bjóða nemendum á fræðslufundi um heilbriggt líf og annað sem eflt getur seiglu meðal þeirra. Forráðamenn nemenda hafa umsjón og forræði með nemendum til 18 ára aldurs. Mikilvægt er því að forráðamenn séu meðvitaðir um ástæður þess að nemendur hætta í skóla og grípi inn í aðstæður ef ástæða er til. Flestir nemendur eiga í dag snjallsíma og svo virðist sem samfélagsmiðlar hafi töluverð áhrif á sjálfsmynd þeirra. Áhrif á sjálfsmynd og samskipti einstaklinga hvað varðar upplifun þeirra af því sem gerist á samfélagsmiðlum er í dag órannsakað mál en þó virðist sem fjöldi "like" hafi töluverð áhrif á líðan hvað unglinga varðar. Samskipti og samvera í fjölskyldum hefur breyst með tilkomu símanna þar sem hver og einn lifir og hrærist í heimi internetsins. (Óttar 5 Guðmundsson, 2016). Fyrirmyndir og ábendingar um góðar ákvarðanir og heilbriggt líf ættu að vera fyrst og fremst á ábyrgð forráðamanna þannig að betur má ef duga skal. Starfsfólk Menntaskólans við Sund væntir góðrar samvinnu við nemendur, forráðamenn nú sem endranær til að það markmið náist að allir nemendur nái að ljúka framhaldsskólanámi.

Capuzzi,D og Gross,D.R. (2014). Youth at Risk, A Prevention Resource for Counselors, Teachers, and Parents. (5th. ed.)Alexandria, American Counselling Association.

Dekkers,H og Classen,A. (2001). Dropouts- Disadvantaged by definition? A study of the perspective of early school leavers. Studies in Educational Evaluation, 27,341-354

- Kristrún Birgisdóttir. (2015). Brotthvarf úr framhaldsskólum. Námsmatsstofnun. Sótt 15. október 2016 af <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir2014/brotthvarsskyrslahaust-2014.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011. Sótt 15. október 2016 af <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefidefni/namskrar/adalnamskra- framhaldsskola/>
- Óttar Guðmundsson, (2016). Fyrirlestur, Hannesarholt, 14. október 2016

10.6. Námskeið um seiglu fyrir foreldra MS



Seigla nemenda

24. Janúar 2017

Námskeið fyrir foreldra nemenda
Menntaskólans við Sund

?

19/05/178

Anna Sigurðardóttir, Björgóna Birgisdóttir

18



Dagskrá

Hæfnipættir seiglu

Virkhlustun

Lestrartækni og lósutækni

Námstækni og stuðningur

Frestun

Výmsaræfingar

19/05/178

Anna Sigurðardóttir, Björgóna Birgisdóttir

28



- Á Íslandi eru einstaklingar börn til 18 ára aldurs
 - Aldur til þess verða sjálfstæð/ur?
 - Breytingar kallað tók
 - (árekstra, miskilning, reiði, mistök, breytta sjálfmynd)

19/05/17

Anna Sigurðardóttir, Björg Óna Birgisdóttir

38



- Einkenni áldamótakynslóðarinnar
 - Telja sig eiga möguleika
 - Heimurinn á tvinnusæði
 - Tæknileg hæfni
 - Hæfni að vinna í hópum
 - Allt verður að gerast NÚNA STRAX

19/05/17

Anna Sigurðardóttir, Björg Óna Birgisdóttir

43



- Hvað þarf til að einstaklingur hafi árangri?
- Félagsleg hæfni
- Hæfni til að leysa úr vandamálum
- Trú á eigin hæfni
- Sjálfálit

19/05/17

Anna Sigurðardóttir, Björgóna Birgisdóttir

52



- Seigla vísar til hæfileika einstaklings til að takast á við mótlæti, takast á við þgranir og komast yfir hindranir

19/05/17

Anna Sigurðardóttir, Björgóna Birgisdóttir

62



Seigla

Nauðsynlegt er að vera með vitaður um þýðingu hugtaksins og skilja mikilvægi hennar

?

Margniðættir og hugtök sem tengjast Seiglu

?

Eftir því sem einstaklingar uppgötva fleiri hugtök sem tengjast Seiglu getur sú vitneskja flit hæfnig með vitund þeirra

19/05/178

Anna Sigurðardóttir, Björgóna Birgisdóttir

78



Hæfnipættir Seiglu

- Skynjun/túlkun
- Náðökumálfinu
- Myndaengsl
- Jákvæðni
- Leitaðálausnum
- Heilbrigður lífstíll
- Trúáigin getu

?

Anna Sigurðardóttir, Björgóna Birgisdóttir

88



Skynjun og útlukun

- Einstaklingar skynja og útluka þurfi á sínu mismunandi og hefur það áhrif á hegðun þeirra og líffræðilega virkni
- Seiglaeykstefni þurfi eru með teknir (skynjaðir) af ákvæðni

?

Verkefni: ABC-módel

19/05/178

Anna Sigurðardóttir, Björgóna Birgisdóttir

98



Náðökum á þessum

Seiglaeykstefni einstaklingar breyta hegðun sinni þannig að þeir hafi betri náðökum á þessum

Seiglaeykstefni einstaklingar tala um mistök sem eins konar ækifæri til að læra við brogð sem gætu komið á milli í dag og í dag á milli í síðinni.

Með því að læra þeir eru þekktari tilfinningar sínar og hafa betri stjórnum þeim eykst seigla

?

<https://www.youtube.com/watch?v=4P785j15Tzk>

?

Verkefni: Frestun

?

19/05/178

Anna Sigurðardóttir, Björgóna Birgisdóttir

108



Mynda tengsl

Seiglaeykst með jókvæðum samskiptum við aðra með því að sækjast eftir samskiptum.

- Hlustun, speglun, draga saman
- Ýtaundur samskipti
- Deila skoðunum og hugmyndum með öðrum
- Auka gegnsæi

<https://www.youtube.com/watch?v=1Ewgu369Jw>

Verkefni: Brugðist við fífl huga og uppbyggilegan mátal

19/05/17 Anna Sigurðardóttir, Björgóna Birgisdóttir 118



Jákvæðni

Seiglaeykst með því að hugsa jákvætt, vera bjartsýn/nóg hafa trú á framtíðinni

Leggjá upp með að allt mun fara vel og verða skemmtilegt

Verkefni: Streita einkenni og leiðir til úrbóta

19/05/17 Anna Sigurðardóttir, Björgóna Birgisdóttir 128



Leita að lausnum

Einstaklingar sem leita lausna og leita freynslunnar áuka með sérseiglu

Sjá það sem virkar og gera meira af því
Sjónarhornið er lausnin þekki vandamálið
Markmið. Seigluáætlun
Metaðrangur

Verkefni: Frá vandamáli til lausnar

19/05/17 Anna Sigurðardóttir, Björgóna Birgisdóttir 138



Heilbrigður lífsstíll

Heilsa, erfólginn, almennri velferð, líkamlegri, andlegri og félagslegri

?

- Næring
- Svefn
- Hreyfing
- Afþreying

19/05/17

Anna|Sigurðardóttir, Björg|Óna|Birgisdóttir

143



Trú og eigin getu

?

Námsmaðurinn og hæfni til náms

- Áhugi, athygli, einbeiting
- Reynsla og þroski
- Kennarinn og kennslan
- Greind
- Námsækni/vinnuvenjur
- Persónulegar aðstæður/tækifæri til náms
- Sjálfstraust og seigla.

?

19/05/17

Anna|Sigurðardóttir, Björg|Óna|Birgisdóttir

158



- Hvernig get ég láðstoðað?
- Fyrirmynd
 - Hlusta, lýna, huga, tæða, hrósa fyrir það sem vel er gert
 - Þekking umhverfi
 - Tímaskipulag, Markmið, Efla, Seiglu
 - Heilbrigður lífstíll
 - Aðstoðalviðheimanám (ekki skrifa fyrir)
 - Leita að lausnum
 - Sækja útanaðkomandi aðstoð til þörfu

19/05/17 Anna Sigurðardóttir, Björgónna Birgisdóttir 168




Lestrartækni

- SQ4RAð skoða
- Að spyrja
- Að lesa
- Að endursegja
- Að skrá
- Að fara aftur yfir (endurskoðun)

19/05/17 Anna Sigurðardóttir, Hóms-Þög starfsráðgjafi 178



Mindmapp / Námsstílar



19/05/1 188



Allir áhafa þörf fyrir

- **Öryggi** þörfin fyrir vatn, mat og húsnáð. Hreyfing, hollt mataræði, heilbrigði og virkni gefur áfnið aukinn ágang.
- **Umhyggju** ástæða þörfin fyrir að tilheyra hópið sækjast eftir tengslum.
- **Aðhafa** hrifninga á geta að hafa ágang, að hafa rangrið og vera í metinni á verðleikum. Innig á markmiðum og á innviðum á framkvæma.
- **Aðhafa** frelsi að hafa val, geta til stunda á stað og tekið ákvörðanir fyrir sjálfan sig.
- **Gleði** að geta hlegið, haft gaman að hlutum og að uppgötvuðitthvað átt.

10.7. Niðurstöður könnunar meðal nemenda

Tilgangur og framkvæmd könnunar

Lýðheilsusjóður veitti Menntaskólanum við Sund (MS) styrk til þess að vinna að forvörnum meðal nýnema skólans. Ákveðið var að eitt af fyrstu skrefum þess verkefnis yrði að fá upplýsingar frá nýnemunum sjálfum um stöðu mála gagnvart hópprýstingi, neyslu og viðhorfum til neyslu.

Spurningalisti var því lagður fyrir nýnema í MS, alls 230 nemendur, þann 3. október 2016. Listinn var ítrekaður tvisvar sinnum, síðast þann 10. október og voru þá komin 125 svör eða 54%. Um 15 svörum til viðbótar var sleppt þar sem þau voru ekki fullnægjandi, þ.e. ekki nógu mörgum spurningum svarað en miðað var við að tveimur þriðju spurninganna yrði að svara til að teljast með. Stuttur tími fyrir lagnar réðist einna helst af því að margar aðrar kannanir lágu fyrir í skólanum í október sem ekki var gott að rækjust á.


Spurningalistiinn var saminn af Hildi B. Svavarsdóttur kennara og Leifi Inga Villmundarsyni kennslustjóra MS með hliðsjón af markmiðum verkefnisins en einnig komu hugmyndir að spurningum frá CASA sem árlega leggur spurningar tengdar neyslu og félagslífi fyrir nemendur í framhaldsskólum í Bandaríkjunum (www.centeronaddiction.org). Gögnunum var safnað í gegnum Questionpro vefkönnunarforritið og unnið úr svörum með SPSS tölfræðiforritinu.

Engum persónugreinanlegum gögnum var safnað og einu bakgrunnsupplýsingarnar sem nemendur merktu við voru um kyn þeirra. Nemendur gátu skráð netfang sitt í sérstakt hölf í könnuninni sem ekki tengdist svörum þeirra til þess að hafa tækifæri til að vinna einn af nokkrum smávinningum sem voru í boði til að hvetja til þátttöku.

Niðurstöður


Niðurstöður byggja á svörum 125 nýnema (fædd árið 2000) við Menntaskólann við Sund sem bárust í október 2016. Mun fleiri stelpur svöruðu listanum en 64% svarenda voru stelpur en 36% strákar.

Fyrst var spurt um af hverju nemendur hefðu mestar áhyggjur. Alls var spurt um 9 atriði auk þess sem hægt var að nefna annað. Á mynd 1 má sjá þá 5 þætti sem flestir nemendur höfðu miklar eða nokkrar áhyggjur af. Að meðaltali höfðu flestir áhyggjur af því að **ná góðum námsárangri** en einungis þriðjungur svarenda hafði litlar sem engar áhyggjur af því. Svipað hlutfall stráka og stelpna höfðu áhyggjur af **námsárangri** en fleiri strákar höfðu þó af því miklar áhyggjur en stelpur. Marktækt fleiri stelpur höfðu áhyggjur af **neyslu** og sama átti við um **félagslega pressu**. Ekki var marktækur munur á áhyggjum kynjanna gagnvart **vinahópum** og **kynlífi** en á bilinu 32-43% svarenda höfðu nokkrar eða miklar áhyggjur af þessum málum.




Mynd 1 Helstu áhyggjuleysi nemenda

Á mynd 2 má svo sjá aðra þætti sem einhver hópur nemenda hafði áhyggjur af en það voru erfiðleikar sem tengjast **fjölskyldu** nemenda, áhyggjur af því **að fá ekki vinnu**, áhyggjur af **fátækt** eða peningaleysi og **einelti**. Ekki reyndist marktækur munur eftir kynjum en litlu munaði þó að marktækt fleiri stelpur höfðu áhyggjur af málefnum tengdum **fjölskyldu** þeirra.



Mynd 2 Aðrir áhyggjupættir

Næst voru nemendur beðnir að meta á skalanum 0-10 **hversu mikið stress væri í lífi þeirra**. Einkunnin 0 merkti að oftast væri nemandi ekkert stressaður/stressuð en 10 að oftast væri mikið stress í lífi hans/hennar. Eins og sjá má á mynd 3 mátu stelpur stressið vera mun meira í sínu lífi en strákar.




Mynd 3 Stress í lífi nemenda á bilinu 0-10

Þeir nemendur sem merktu við 7 eða meira voru spurðir hvað ylli mestu stressi hjá þeim. Langflestir nefndu **námið sjálf** og að **finna tíma til að sinna náminu og því sem þeir þyrftu að gera fyrir utan skólann**. Næst á eftir kom **félagsleg pressa**, að falla inn í hópinn. Um helmingur nefndi **tómstundir** eða **íþróttæfingar** sem orsökina fyrir stressi.

Áhugavert þótti að skoða hversu mikið nemendur upplifðu að foreldrar þeirra fylgdust með félagslífi þeirra og hver staða þeirra væri gagnvart neyslu.


Mikill meirihluti foreldra, bæði stráka og stelpna, **hringir eða sendir skilaboð til að athuga með þau þegar þau fara út á kvöldin eða um helgar**. Fleiri strákar sögðu þó að foreldrar þeirra gerðu þetta **oftast** heldur en stelpur.



Mynd 4 Foreldrar athuga með mig á kvöldin eða um helgar

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda, eða 98%, töldu að foreldrar þeirra **þyrftu ekki að athuga oft** með þau á kvöldin eða um helgar en þau gera nú þegar.

Einnig voru nemendur spurðir **hver þeir teldu viðbrögð foreldra þeirra yrðu** ef nemendur myndu byrja að nota tóbak, áfengi eða önnur fíkniefni. Nemendur töldu foreldra sína mest umburðarlyndi gagnvart áfengi og þá sérstaklega stelpur þar sem 34% þeirra töldu foreldra sína verða mjög reiða/vonsvikna við ef þær neyttu áfengis en 51% stráka.




Mynd 5 Viðbrögð foreldra þinna ef þú myndir...

Nokkuð hefur verið rætt um áhrif samfélagsmiðla í þá átt að gefa jákvæða eða spennandi mynd af neyslu. Hér er það sem svarendur í nýnemakönnun MS fannst um þetta efni.

Tafla 1. Samfélagsmiðlar og djammmyndir	Strákar	Stelpur
Djammmyndir á samfélagsmiðlum þar sem líklega er verið að nota áfengi eða önnur fíkniefni sýna...		
Jákvæða mynd af neyslu	27%	13%
Neikvæða mynd af neyslu	24%	25%
Bæði og	49%	62%
Djammmyndir á samfélagsmiðlum hvetja eða ýta undir að unglingar vilji nota þessi efni:		
Mikið	34%	50%
Svólítið	54%	39%
Lítið	12%	11%


Fleiri strákum en stelpum fannst samfélagsmiðlar sýna jákvæða mynd af neyslu en þó var stærsti hópur nemenda ekki viss hvort túlka mætti myndirnar á jákvæðan eða neikvæðan hátt. Mun fleiri stelpur töldu að slíkar myndir hefðu mikil áhrif á unglinga og ýttu undir neyslu þeirra.

Nemendur voru spurðir hvað þeim þætti um það ef jafnaldri þeirra notaði tóbak, áfengi eða önnur fíkniefni – hvort það væri í **góðu lagi**, í lagi ef það væri **mánaðarlega eða sjaldnar** eða **ekki í lagi**. Langflestir voru á þeirri skoðun að fíkniefnaneysla væri ekki í lagi en um 30% stelpna og 43% stráka töldu **áfengisneyslu í góðu lagi** hjá þeirra jafnöldrum. Heldur færri töldu tóbaksneyslu í **góðu lagi**.




Mynd 6 Viðhorf til neyslu jafnaldra

Ríflegur helmingur nemenda taldi að meira en helmingur árgangsins noti áfengi, þar af 17-18% að næstum allir **noti áfengi** í einhverju magni. Stelpur telja að fleiri í árganginum noti áfengi en strákar.



Mynd 7 Fjöldi í árgangi sem ég tel nota áfengi

Á hinn bóginn telja fleiri strákar að **neysla tóbaks** sé almennari, en 29% þeirra telja meira en helmingur noti tóbak í einhverju magni en 21% stelpna.



Mynd 8 Fjöldi í árgangi sem ég tel nota tóbak

Mjög fáir töldu fíkniefnanotkun almenna í árganginum, um 60% töldu að undir 5% **notuðu önnur fíkniefni** en þó voru um 30% sem töldu milli 5-20% nota **önnur fíkniefni** í einhverjum mæli.


Aðspurð um **ástæður** fyrir því að krakkar á þeirra aldri notuðu áfengi var sú algengasta að þau væru „bara að skemmta sér“ (63 settu í fyrsta sæti) og þar á eftir kom „til að passa inn“ (34 settu í fyrsta sæti). Í þriðja sæti var „til að eiga auðveldara með að spjalla og kynnast“ en langfæstir nefndu að áfengið væri til þess að minnka stress, leiða, þunglyndi eða vegna einmanaleika. Einnig var nefnt að:

- Þetta er bara umræðuefnið í skólanum, hvort maður drekki eða ekki og hvort maður ætli á björkvöldið eða ekki o.s.frv.
- Til að gleyma þessu mikla heimanámi sem við fáum
- Spannandi
- Prófa hvernig það er að vera undir áhrifum áfengis
- Vilja vera cool
- Kvíði og áföll sem þau hafa orðið fyrir
- Aðstæður í lífi þeirra
- Hópprýstingur

Þrátt fyrir að svarendur hafi ekki upplifað **hópprýsting** á eigin skinni mjög oft eða beitt honum sjálf þá töldu 10% stráka og 20% stelpna hópprýsting vera **mikið vandamál sem unglingar þyrftu hjálp til að geta staðið á móti** eins og sjá má í töflu 2. Yfir 60% vildu ekki taka svo djúpt í árinna en töldu hópprýsting samt vera vandamál.


	Strákar	Stelpur
Hefur kunningi þinn eða vinur einhvern tíma hvatt þig til að drekka áfengi eða nota önnur fíkniefni en þú varst ekki endilega sátt(ur) við það?		
Gerist reglulega	10%	8%
Hefur gerst 1-2 sinnum	43%	45%
Aldrei	48%	47%
Hefur þú einhvern tíma hvatt kunningja eða vin til að drekka áfengi eða nota önnur fíkniefni?		
Gerist reglulega	10%	0%
Hefur gerst 1-2 sinnum	15%	15%
Aldrei	75%	85%
Hversu mikið vandamál er hópprýstingur frá jafnöldrum?		
Mjög mikið, unglingar þurfa hjálp til að standa á móti	10%	20%
Það er vandamál, en flestir geta staðist pressuna ef þau vilja	62%	61%
Ekkert vandamál	28%	19%

Aðspurðir um **pressu frá skólafélögum í MS til að drekka áfengi** þá upplifðu stelpur meiri pressu í þá átt. Ekki var mikill munur á kynjum hvað snertir mikla pressu en 67% stráka sögðust upplifa litla sem enga pressu á móti 36% stelpna.



Mynd 9 Pressa frá skólafélögum í MS til að drekka áfengi

Hvort sem það er fyrir hóprýsting eða ekki þá var niðurstaða þessarar könnunar sú að **stelpur höfðu marktækt oftar neytt áfengis en strákar**. Alls höfðu 21% stelpna **neytt áfengis þrisvar eða oftár á síðustu 30 dögum** fyrir svörun könnunarinnar en 10% stráka. Svipað hlutfall kynjanna hafði þó **aldrei neytt áfengis** eða rúm 40%. Munur á **tóbaksnotkun** var ekki ýkja mikill en þó var sá hópur sem neytti tóbaks þrisvar eða oftár á síðustu 30 dögum helmingi stærri hjá strákum en stelpum. Heldur fleiri strákar höfðu prófað **önnur fíkniefni** eða 16% á móti 4% stelpna.



Mynd 10 Neysla tóbaks, áfengis og annarra fíkniefna

Að lokum voru þeir sem **ekki höfðu neytt tóbaks, áfengis eða annarra fíkniefna** beðnir að svara því **hversu líklegt það væri að þeir myndu prófa það** eftir tiltekinn tíma. Flestir nemendanna bjuggust við að þeir myndu **prófa áfengi** síðar á þessu ári eða þá fljótlega þar á eftir eða um og yfir 60% þeirra sem ekki höfðu þegar neytt áfengis. Strákar bjuggust frekar við því en stelpur að þeir myndu **prófa tóbak** en þó var mikill meirihluti nemenda þegar búinn að ákveða að neyta ekki tóbaks og sama átti við um önnur fíkniefni. Það er þó áhyggjuefni að 15% stráka bjuggust við að prófa **önnur fíkniefni** á næstu árum.

Tafla 3. Líkur á að þú prófir...	Strákar	Stelpur
Tóbak		
Á þessu ári	15%	4%
Á næstu 2-3 árum	12%	4%
Seinna en það	0%	6%
Aldrei	73%	86%
Áfengi		
Á þessu ári	32%	32%
Á næstu 2-3 árum	32%	26%
Seinna en það	13%	23%
Aldrei	23%	19%
Önnur fíkniefni		
Á þessu ári	9%	3%
Á næstu 2-3 árum	6%	2%
Aldrei	85%	95%

Samantekt í nokkrum punktum:

- Námið veldur nemendum áhyggjum, báðum kynjum.
- Neysla er annað stærsta áhyggjuefnið, sérstaklega hjá stelpum, enda upplifa þær meiri hópþrýsting á neyslu áfengis og foreldrar virðast umburðarlyndari gagnvart þeim.
- Félagsleg pressa er meira áhyggjuefni hjá stelpum sem kemur ekki á óvart, en er líka töluverð hjá stráköm.
- Þriðjungur nemenda hefur áhyggjur af fátækt eða peningaskorti.
- Stelpur upplifa meira stress í lífi sínu.
- Ein af helstu ástæðum fyrir stressi er tímaskortur til að sinna námi og öðrum þáttum í lífinu
- Foreldrar eru flestir að fylgjast með unglíngunum sínum, sérstaklega stráköm.
- Svarendur finna flest að foreldrar eru ekki hlyntir neyslu, þó er áfengi aðeins minna mál en tóbak eða önnur fíkniefni. Stelpur upplifa heldur minna taumhald frá foreldrum gagnvart áfengi en strákar.
- Fleiri en færri telja djammmyndir hafa áhrif í þá átt að ýta undir neyslu.
- Flestir nemenda höfðu mest umburðarlyndi gagnvart því að jafnaldri þeirra neytti áfengis heldur en tóbaks eða annarra fíkniefna. Strákar voru umburðarlyndari gagnvart neyslu tóbaks en stelpur.
- Meirihluti nemenda telur hópþrýsting vera vandamál, þó minnihluti þess hóps telji það mikið vandamál. Hópþrýstingur frá skólafélögum í MS í þá átt að drekka áfengi var töluverður að mati svarenda, sérstaklega virtust stelpur eiga í slíkum vanda.
- Áfengisneysla virðist almennari meðal stelpna en strákar höfðu frekar prófað önnur fíkniefni. Munur á tóbaksneyslu var ekki marktækur.
- Algengast var að þeir nemendur sem ekki höfðu prófað að neyta áfengis teldu líklegt að svo myndi verða á næstu 1-3 árum, um fimmtungur nemenda bjóst þó við að þeir myndu aldrei neyta þess. Fleiri strákar bjuggust við því að þeir myndu prófa tóbak á næstu árum en stelpur en mikill meirihluti nemenda taldi að þeir myndu aldrei prófa önnur fíkniefni.

10.08 Viðtalsrammi.

Símaviðtal:

Samtal við nemendur sem hætt hafa námi við Menntaskólann við Sund.

8. Kynna þann sem hringir og ástæður þess að hringt er.
9. Spyrja hvort viðkomandi vilji svara nokkrum spurningum sem geta orðið til þess að skólastarf við MS batni.
10. Spyrja hvað viðkomandi er núna að gera. Ertu í vinnu eða skóla?
11. Spyrja hvers vegna viðkomandi ákvað að hætta í MS.
12. Spyrja hvenær viðkomandi sagði sig úr skólanum.
13. Spyrja um líðan og samskipti á meðan viðkomandi var í skólanum.
14. Spyrja hvort viðkomandi telji að skólinn ætti að gera eitthvað öðruvísi.